

# Ársskýrsla 2017

Þjóðskjalasafn Íslands



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Ársskýrsla 2017**
Þjóðskjalasafn Íslands

**Útgefandi:**
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
5903300
upplysingar@skjalasafn.is
www.skjalasafn.is

© Desember 2018 Þjóðskjalasafn Íslands

# Ársskýrsla
# Þjóðskjalasafns Íslands 2017

Yfirlit um starfsemi

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

# EFNISYFIRLIT


**Ávarp þjóðskjalavarðar** ..... **5**

**1. Þjóðskjalasafn** ..... **6**
Hlutverk ..... 6
Framtíðarsýn ..... 6

**2. 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands** ..... **7**
Stjórnarnefnd ..... 9

**3. Innri starfsemi** ..... **9**
Skipurit ..... 10
Framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafns Íslands ..... 10
Rekstrar- og efnahagsreikningur ..... 11
Mannauður og mannaflaþörf ..... 11
Skjalastjórn ..... 12
Húsnæðismál ..... 13

**4. Eftirlit og reglusetning** ..... **14**
Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum ..... 14
Afhendingar pappírsskjala ..... 15

**5. Viðtaka og varðveisla** ..... **15**
Afhendingar rafrænna gagna ..... 16
Grisjunarbeiðnir ..... 18
Málalyklar ..... 18
Skjalavistunaráætlanir ..... 18
Rafræn skjalavarsla ..... 19
Fræðsla fyrir afhendingarskylda aðila ..... 19
Frágangur og skráning skjalasafna ..... 20
Þrotabúsverkefni ..... 20
Forvarsla ..... 22
Bætt vefviðmót ..... 23
Samskrá yfir einkaskjöl ..... 23
Útlán og notkun skjala ..... 23

**6. Aðgengi og þjónusta** ..... **23**
Fyrirspurnir vegna safnkosts ..... 24
Heimsóknir á lestrarsal ..... 25

**7. Rannsóknir og miðlun** ..... **26**
Þjóðlenduverkefni ..... 26
Skönnun í samstarfi við Family Search ..... 27
Aðsókn að vefjum safnsins ..... 28
Útgáfa á skjölum Landsnefndarinnar fyrri ..... 28

Sýningar og móttaka hópa ... 29
Nordisk Arkivnyt ... 30
NorDig ... 31
Nordisk Arkivportal ... 31
Vefmiðlun ... 32
Samfélagsmiðlar ... 32

**8. Heimsókn menntamálaráðherra ... 33**

**9. Héraðsskjalasöfn ... 34**
Eftirlitskönnun með rekstri héraðsskjalasafna ... 34
Styrkir til héraðsskjalasafna ... 34
Samstarf opinberra skjalasafna ... 34
Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns ... 35
Verkefni á Ísafirði ... 36

**10. Kennsla í skjalfræði við Háskóla Íslands ... 37**

**11. Alþjóðlegt samstarf ... 38**
Fundir ríkisskjalavarða Norðurlanda ... 38
Ráðstefna Alþjóða skjalaráðsins ICA í Mexíkóborg ... 39
Alþjóðleg athygli ... 39
Vestnorrænir skjaladagar ... 39
Formennska í sérfræðihópi Alþjóða skjalaráðsins ... 40
Norræn málstofa í Kaupmannahöfn ... 41

**Viðaukar ... 43**

**Viðauki 1 ... 44**
Starfsfólk Þjóðskjalasafns 1. desember 2017 ... 44

**Viðauki 2 ... 45**
Afhendingar 2017 ... 45

**Viðauki 3 ... 52**
Erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns: ... 52
Bækur, greinar og ritgerðir ... 53

**Viðauki 4 ... 54**
Ársreikningur 2017 ... 54

# ÁVARP ÞJÓÐSKJALAVARÐAR

Árið 2017 var annasamt og árangursríkt. Haldið var upp á 135 ára afmæli safnsins 3. apríl með hátíðlegri athöfn í safninu með þátttöku forseta lýðveldisins og mennta- og menningarmálaráðherra. Nokkuð lengi hefur tíðast að halda upp á afmæli stofnunarinnar á fimm ára fresti. Í tengslum við þau hafa verið sett sérstök markmið svo sem í útgáfumálum. Þannig var ákveðið að gefa út rit um manntalið 1703 á 135 ára afmælinu og gefa það gestum sem sóttu okkur heim.

Eftirlitsmál settu svip sinn á árið. Skýrsla með niðurstöðum könnunar á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins frá árinu áður kom út í júní. Umfjöllun um hana er því að finna í þessari skýrslu. Í stuttu máli er ástand þessa málaflokks að batna. Gerðar voru tvær eftirlitskannanir á árinu, önnur til að kanna starfsemi héraðsskjalasafna og hin var könnun á stöðu skjalavörslu og skjalastjórnar sveitarfélaga sem skila eiga gögnum til Þjóðskjalasafns. Eftirlitið er lögbundið og mikilvægur liður þess mats sem safnið þarf að gera til þess að sannreyna hversu vel starfsemi þessara aðila er í samræmi við lög og reglur. Skýrslurnar munu koma út árið 2018. Þá fór nokkur kraftur í vinnu við drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna sem starfsfólk safnsins vann að í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Drögin voru kynnt fyrir hagsmunaaðilum og send til umsagnar á árinu.

Eins og árið 2016 var unnið af kappi við stafræna afritun í samstarfi við Family Search, stærstu ættfræðisamtök í heimi. Tveir sjálfboðaliðarnir frá samtökunum vinna þessi misseri í safninu. Árið 2017 skönnuðu þeir 1.266 skjalabækur (144.654 myndir). Stefnt er að því að þessi afrit verði birt á nýjum miðlunarvef safnsins árið 2018.

Rétt er að nefna hér þátt safnsins í norrænu samstarfi sem er talsvert mikil árlega. Það kom í hlut okkar að halda hér í maímánuði fund ríkisskjalavarða og helstu stjórnenda ríkisskjalasafna á Norðurlöndum. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkur fundur var haldinn. Seinna á árinu stóð safnið fyrir Vesturnorrænum skjaladögum eins og við köllum ráðstefnu starfsmanna skjalasafna í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi, sem haldin er á þriggja ára fresti.

Þá leiddi Þjóðskjalasafn gerð sameiginlegrar vefgáttar fyrir skjalasöfn á Norðurlöndum. Betaútgáfan var opnuð 1. desember. Með þessu eignast samstarf norrænna skjalasafna samastað á vefnum.

Hér er einungis fátt nefnt sem setti svip á starfsemina árið 2017. Eins og skýrslan sýnir er starfsemi Þjóðskjalasafns fjölbreytt og áhugaverð. Skýrslan gerir grein fyrir öllum helstu verkefnum safnsins. Þau voru leyst af metnaði af áhugasömum og dugmiklum starfsmönnum safnsins. Þökk sé þeim!

Reykjavík, nóvember 2018.

Eiríkur G. Guðmundsson

þjóðskjalavörður

# 1.

# ÞJÓÐSKJALASAFN

Þjóðskjalasafn Íslands starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Samkvæmt þeim hefur safnið eftirlit með framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar fyrir hönd ráðherra og gegnir jafnframt hlutverki opinbers skjalasafns.

Lög um opinber skjalasöfn mynda lagaramma fyrir skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila á Íslandi, bæði ríkis og sveitarfélaga. Þjóðskjalasafn Íslands hefur því ríku hlutverki að gegna í skjalavörslu og skjalastjórn opinberra aðila, m.a. með setningu reglna, ákvörðun um eyðingu skjala, samþykkt skjalavistunarkerfa og eftirliti með skjalahaldi opinberra aðila. Margvísleg lög hafa bein áhrif á starfsemi opinberra skjalasafna. Auk laga um opinber skjalasöfn má nefna upplýsingalög nr. 140/2012 og stjórnsýslulög nr. 37/1993. Þá má nefna lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Öll þessi lög hafa áhrif á myndun og meðhöndlun opinberra skjala.

## Hlutverk

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn gegnir Þjóðskjalasafn Íslands því hlutverki að vera framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar í landinu. Það fer þannig með yfirstjórn skjalamála í landinu en auk þess hefur það hlutverk opinbers skjalasafns eins og héraðsskjalasöfnin.

Þjóðskjalasafn setur reglur og veitir leiðbeiningar um skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga. Safnið á einnig að setja reglur um frágang skjalasafna, varðveislu og förgun gagna. Reglurnar þurfa staðfestingu ráðherra. Þá á safnið aðkomu að stofnun héraðsskjalasafna og hefur eftirlit með þeim.

Hlutverk Þjóðskjalasafns sem opinbers skjalasafns er að taka til varðveislu skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, bæði á rafrænu formi og á pappír. Þjóðskjalasafn veitir aðgang að safnkosti sínum með því að halda skrár yfir hann, hafa skjöl aðgengileg til notkunar á lestrarsal og taka ákvarðanir um aðgengi að skjölum sem innihalda upplýsingar sem krefjast aðgangstakmarkana. Safnið gengst fyrir rannsóknum á safnkostinum og veitir fræðslu um og aðgengi að mikilvægum heimildum þjóðarsögunnar. Það gerir safnið með útgáfu mikilvægra skjala á prenti og með því að birta á vefjum sínum eftirsóttar heimildir í stafrænum búningi.

Þjóðskjalasafn hefur jafnframt eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga, sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni, með það að markmiði að tryggja vörslu, aðgengi og örugga meðferð opinberra upplýsinga.

Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 600 talsins. Safnið tekur jafnframt til varðveislu skjöl einkaaðila. Safnkostur Þjóðskjalasafns taldi í árslok 2017 um 44,5 hillukílómetra af skjölum.

## Framtíðarsýn

Í stefnu safnsins, *Stefnumótun 2014–2018*, sem út kom 2014, var framtíðarsýn safnsins skilgreind opinberlega í fyrsta sinn. Framtíðarsýn Þjóðskjalasafns Íslands er að vera öflug og þjónustumiðuð stjórnsýslustofnun sem leiðir skjalavörslu og skjalastjórn hins opinbera með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar, varðveislu og miðlun sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.

# 2.

## 135 ÁRA AFMÆLI ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS



Þjóðskjalavörður tekur á móti forseta Íslands á afmæli Þjóðskjalasafns, 3. apríl 2017.

Þann 3. apríl var 135 ára afmæli safnsins fagnað. Stofnun þess miðast við auglýsingu landshöfðingja um starfrækslu landsskjalasafns þann 3. apríl 1882. Í upphafi varðveitti safnið skjöl helstu embætta sem komust fyrir á Dómkirkjuloftinu í Reykjavík. Það var um tíma í Alþingishúsinu uns það flutti í Safnahúsið við Hverfisgötu. Loks flutti safnið að Laugavegi 162 þar sem það er enn. Afmælinu var fagnað með hátíðardagskrá á afmælisdaginn þar sem útgáfu- og miðlunarverkefni safnsins voru kynnt auk þess sem sýningar á völdum skjölum voru settar upp í safninu.



Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður afhendir forseta Íslands eintak af Bessastaðabókinni, safni teikninga og mynda af forsetabústaðnum.

Heiðursgestir, þeir Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Kristján Þór Júlíusson mennta-



og menningarmálaráðherra, voru leystir út með gjöfum. Forsetinn fékk að gjöf afrit teikninga af Bessastöðum og mennta- og menningarmálaráðherra Kristján Þór Júlíusson fékk afhent fyrsta eintak rits um *Manntalið 1703* sem kom út á afmælisdaginn, en höfundur þess er Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður.

Forseti Íslands sagði meðal annars í ávarpi sínu: „Í lok þessa ávarps leyfi ég mér að nefna að margar góðar stundir hef ég átt hér í Þjóðskjalasafni, við rannsóknir og fræðastörf, með dyggri aðstoð skjalavarða og annars starfsliðs. Eigi ég að nefna uppáhaldsstað á Íslandi er lestrarsalurinn hér á jarðhæð mér ofarlega í huga. Auðvitað litast minningar fólks og sjónarmið af eigin reynslu, upplagi og áhuga – en kæru áheyrendur, hvað er ljúfara en að sitja á lestrarsal safns, fá í hendur gömul gögn, virða fyrir sér vitnisburð liðinna daga, njóta leifturs liðinnar tíðar.“






Teikning af húsi amtmanns og stiftamtmanns á Bessastöðum gerð vegna ýmissa viðgerða á því árið 1736.

# 3.

# INNRI STARFSEMI

## Stjórnarnefnd

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ráðuneytið skipar stjórnarnefnd safnsins sem er forstöðumanni þess, þjóðskjalaverði, til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess.

Stjórnarnefnd veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

### Stjórnarnefnd skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra starfsárið 2017:

**Anna Agnarsdóttir,**
formaður, skipuð án tilnefningar.

**Guðmundur Jónsson,**
varaformaður, tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Jóhanna Gunnlaugsdóttir,**
tilnefnd af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

**Helga Jóna Eiríksdóttir,**
tilnefnd af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

**Svanhildur Bogadóttir,**
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Gunnar Gíslason,**
tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### Varamenn:

**Kristjana Kristinsdóttir,**
tilnefnd af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Ómar H. Kristmundsson,**
tilnefndur af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.




Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands. Á myndina vantar Gunnar Gíslason.

**Gunnar Örn Hannesson,**
tilnefndur af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

**Jóna Símonía Bjarnadóttir,**
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Ágúst Sigurðsson,**
tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stjórnarnefndin fundaði 2. mars 2017 og 25. október 2017. Fundargerðir stjórnarnefndar eru birtar á vef safnsins.

## Skipurit

Skipurit Þjóðskjalasafns tók gildi 1. desember 2016, í því er starfseminni skipt niður í tvö fagsvið og eitt stoðsvið. Fagsviðin eru annars vegar upplýsinga- og skjalasvið og hins vegar varðveislu- og miðlunarsvið sem studd eru af rekstrarsviði, þvert á starfsemina.

## Framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafns Íslands

**Eiríkur G. Guðmundsson,**
þjóðskjalavörður.

**Anna Elínborg Gunnarsdóttir,**
fjármálastjóri.

**Hrefna Róbertsdóttir,**
sviðsstjóri varðveislu- og miðlunarsviðs.

**Njörður Sigurðsson,**
sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs.

Skipurit Þjóðskjalasafns

Frá 1. desember 2016



| Rekstraryfirlit (m.kr.) | Raun 2017 | Áætlun 2017 | Frávik |
|---|---|---|---|
| Tekjur | -43,7 | -48,2 | 4,5 |
| Laun og launatengd gjöld | 269,2 | 282,0 | -12,8 |
| Ferðir og fundir | 9,2 | 7,7 | 1,5 |
| Rekstrarvörur | 13,6 | 12,2 | 1,4 |
| Aðkeypt þjónusta | 47,6 | 48,9 | -1,3 |
| Húsnæði | 24,4 | 28,7 | -4,3 |
| Vextir, bætur, skattar | 1,3 | 0,1 | 1,2 |
| Afskriftir | 8,3 | 5,5 | 2,8 |
| Tilfærslur | 30,3 | 30,3 | 0 |
| Framlag ríkissjóðs | -366,9 | -367,2 | 0,3 |
| Rekstrarniðurstaða: | -6,7 | 0,0 | -6,7 |

## Rekstrar- og efnahagsreikningur

Afkoma Þjóðskjalasafns Íslands var jákvæð um 6,7 m.kr. á árinu 2017. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru 410,6 m.kr. Samkvæmt fjárlögum ársins var framlag ríkissjóðs til Þjóðskjalasafns Íslands 366,9 m.kr., þar af var framlag til héraðsskjalasafna 30,3 m.kr.

Í árslok 2017 var fjárheimildastaðan jákvæð um 6,7 m.kr., er það að hluta til vegna ógreiddra rekstrarstyrkja til héraðsskjalasafna. Að öðru leyti vísast til ársreiknings Þjóðskjalasafns Íslands, sjá viðauka I.

## Mannauður og mannaflaþörf

Starfsmenn Þjóðskjalasafns voru í árslok 2017 35 talsins, nokkrir í hlutastörfum. Ársverk við safnið 2017 voru 32. Þar af voru 2,6 ársverk vegna vinnu fyrir Óbyggðanefnd, 1,1 vegna starfsstöðvar á Ísafirði, 0,5 vegna kennslu í skjalfræði og 1,5 ársverk vegna vinnu við frágang og skráningu á skjalasöfnum sem unnin eru gegn greiðslu.

Hlutfall karla er 54% og kvenna 46%. Starfsmenn safnsins búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði skjalavörslu og skjalastjórnar, sem og á sviði stjórnsýslusögu og miðlunar. Menntunarstig hjá safninu er hátt en 86% starfsmanna eru með háskólamenntun. Meðalstarfsaldur er 10 ár og 42,9% starfsmanna hafa starfað hjá Þjóðskjalasafni lengur en í 10 ár.

Nokkrar mannabreytingar urðu á árinu, fjórir starfsmenn fóru í fæðingarorlof, einn starfsmaður sem var ráðinn tímabundið lét af störfum, annar starfsmaður var ráðinn tímabundið í annað verkefni og tveir sumarstarfsmenn ráðnir í hlutastörf með háskólanámi til áramóta.

Starfsmenn sóttu endurmenntun af ýmsu tagi á árinu til að viðhalda og auka faglega þekkingu sína. Dagana 2.–5. nóvember fóru starfsmenn í vinnu- og skemmtiferð til Dublin. Starfsmannafélag safnsins stóð fyrir ferðinni. Borgarskjalasafnið í Dublin, Dublin City Archives, og Þjóðskjalasafn Írlands, National Archives of Ireland, voru heimsótt og fengu starfsmenn fyrirlestra um safnkostinn í Dublin.



Starfsfólk í heimsókn í Dublin City Archives.

Reglulega eru haldnir svokallaðir Öskjufundir innan safnsins, sem er mánaðarleg fyrirlestrarröð á vegum starfsmannafélags safnsins og gefst þar m.a. tækifæri til að kynna rannsóknir starfsfólks.

Þjóðskjalasafn hefur um árabil skort fleira starfsfólk til ýmissa verkefna sem stofnuninni hefur að lögum verið falið að sinna. Samkvæmt mannaflaspá sem gerð var í byrjun árs 2014 er talið að safnið þurfi á annan tug ársverka til viðbótar. Þessi staða hefur ekki breyst. Var mat þetta byggt á umfangi starfseminnar, því skjalamagni sem safnið varðveitti þá, því skjalamagni sem safninu myndi berast á næstu árum, stóraukinni rafrænni stjórnsýslu og umsýslu rafrænna gagna, ásamt aukinni miðlun safnkostsins.

## Skjalastjórn

Þann 1. apríl 2017 hófst nýtt skjalavörslutímabil hjá safninu. Skjalastjóri hóf undirbúning að skilum milli skjalavörslutímabilanna árið 2016 með endurskoðun á málalykli, umsókn um rafrænt mála- og skjalavörslukerfi og gerð notendahandbókar. Í upphafi árs 2017 hófst loka undirbúningurinn með átaki starfsmanna í lokun og frágangi mála, reglulegri upplýsingamiðlun til starfsmanna um fyrirkomulagið á breytingunum og í mars var tekin í notkun ný útgáfa af skjalakerfinu. Fyrirkomulagið við skilin milli skjalavörslutímabilanna var án aðlögunartíma, það felur í sér að öllum málum sem voru í vinnslu við skilin var lokað en ný mál, svokölluð framhaldsmál, voru stofnuð á nýja skjalavörslutímabilinu.

Skilin milli tímabila gengu vel fyrir sig, útbúin hafði verið sérstök staða í skjalakerfinu, fyrir þau mál sem áttu að verða að framhaldsmálum. Þannig gat hugbúnaðaraðilinn með auðveldum hætti læst öllum málun í kerfinu við skilin en stofnað ný mál á nýja tímabilinu út frá þeim málum sem höfðu skilgreinda stöðu sem framhaldsmál. Eftir skilin hefur áfram verið unnið að skipulagi verkefna og uppsetningu á málasniðmátum í þeim tilgangi að samræma skráningu, ná fram tölfræði yfir verkefni safnsins og spara vinnu.

Við úttekt í lok árs kom í ljós að um 80% mála á nýja tímabilinu eru rafræn en aðeins um 20% málanna fylgir pappír.

## Húsnæðismál

Þjóðskjalasafn Íslands varðveitir í dag um 44,5 hillukílómetra af skjölum í fimm byggingum. Geymslurými Þjóðskjalasafns hefur verið byggt upp síðustu ár á þeirri forsendu að safnið verði til frambúðar á núverandi lóðum þess við Laugaveg 162–164. Staðsetningin er afar góð og lóðirnar rúma þær nýbyggingar sem þörf er fyrir í náinni framtíð. Það er lykilatriði fyrir stjórnsýslu og almenning að skjalasafn þjóðarinnar sé í góðum tengslum við Stjórnarráð Íslands og þorra viðskiptavina, hvort sem það eru einstaklingar, skólar eða starfsfólk opinberra stofnana.

Um nokkurra ára skeið hefur verið í undirbúningi að gera gagngerar endurbætur á húsi 5 (gömlu ísgerðinni) við Laugaveg 164. Ráðgert var að þær endurbætur yrðu boðnar út á vormánuðum 2017. Ekki varð af því. Samkvæmt áætlun mun hús 5 eftir endurbætur færa safninu 15 nýja hillukílómetra af geymslurými, sem ætti að vera nægilegt í u.þ.b. tíu ár miðað við áætlaðan fjölda afhendinga. Heildarkostnaður vegna framkvæmdarinnar er áætlaður um 430 m.kr. Í maí var tekið á leigu húsnæði að Laugavegi 176 og þangað flutt ófrágengin skjöl úr húsi 5. Í þessu leiguhúsnæði hófst vinna við frágang og skráningu þessara gagna.

Þótt hús 5 verði lagfært á næstu misserum er þess skammt að bíða að skipuleggja þurfi viðbyggingu við hús safnsins við Laugaveg. Umræður og samþykki Alþingis um sölu húsa safnsins hefur tafið framgang húsnæðismála safnsins.Við gerð fjárlaga fyrir árin 2016 og 2017 veitti Alþingi fjármálaráðherra heimild til „Að selja húsnæði Þjóðskjalasafns Íslands við Laugaveg 162 í Reykjavík og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.“ Þetta er í andstöðu við þær áætlanir sem fyrir liggja í mennta- og menningarmálráðuneyti. Það var að vonum ánægjulegt þegar Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra lýsti því yfir í afmælishófi í safninu 3. apríl 2017 að hann hefði ekki áhuga á að nýta þessa heimild til sölu og að hann vildi vinna að því að framkvæmdaáætlun ráðuneytisins um endurbætur og uppbyggingu í þágu Þjóðskjalasafnsins nái fram að ganga.



# 4.

# EFTIRLIT OG REGLUSETNING

Stjórnsýsluhlutverk Þjóðskjalasafns var eflt með lögunum frá 2014. Undir það fellur a) að setja reglur um hvernig skjalastjórn og skjalavörslu skuli hagað hjá ríki og sveitarfélögum, b) að setja reglur um frágang skjala, vörslu og eyðingu þeirra, c) að hafa eftirlit með afhendingarskyldum aðilum og þannig tryggja framkvæmd laga um opinber skjalasöfn, d) að veita ráð og leiðbeiningar um skjalastjórn og skjalavörslu.

## Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum

Í júní 2017 kom út skýrsla með niðurstöðum eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins. Skýrslan var prentuð og send öllum afhendingarskyldum aðilum ríkisins og einnig er hún aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur undanfarin ár unnið að því að kanna stöðu skjalavörslu og skjalastjórnar hjá stofnunum og embættum ríkisins. Hefur það verið liður í að sinna eftirlitshlutverki safnsins en í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 segir í 13. gr. að opinbert skjalasafn skuli hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila og afhendingarskyldir aðilar skulu veita aðgang að starfsstöðvum sínum vegna athugana í þágu eftirlits opinberra skjalasafna. Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki haldið uppi skipulegu eftirliti með afhendingarskyldum aðilum en í framhaldi af rafrænum eftirlitskönnunum, sem safnið hefur staðið fyrir, er talinn vera kominn grundvöllur fyrir því að móta skipulegt eftirlit byggt á niðurstöðum þessara kannana.

Á árinu var því skipaður vinnuhópur sem hefur það markmið að undirbúa og móta framkvæmd skipulegs eftirlits. Undirbúningsvinnan felst meðal annars í því að fastmóta framkvæmd eftirlitsheimsókna og ferli þeirra ásamt því að skilgreina áhættuþætti í skjalavörslu og skjalastjórn. Út frá því verður útbúið áhættumat miðað við stöðu afhendingarskyldra aðila í síðustu eftirlitskönnun til að auðvelda forgangsröðun eftirlitsins. Gert er ráð fyrir því að mótuð verði stefna um eftirlit fyrir þrjú til fjögur ár í senn sem byggð verði á niðurstöðum kannana, þ.e. hvar helst er þörf á aðhaldi og eftirliti.

Í lok árs 2017 var sveitarfélögum, sem afhendingarskyld eru til Þjóðskjalasafns Íslands, send eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofanna. Alls var könnunin send til 20 sveitarfélaga sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og eiga því lögum samkvæmt að afhenda skjöl sín til Þjóðskjalasafns. Var þetta í fyrsta skipti sem Þjóðskjalasafn kannar sérstaklega ástand skjalavörslu og skjalastjórnar sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til safnsins. Á árinu 2018 verður unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og þær gefnar út.

Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er ábyrgð afhendingarskyldra aðila, ekki síst forstöðumanna, á skjalastjórn og öllu skjalahaldi meiri og skýrari en áður var. Í lögunum er einnig að finna ný ákvæði um refsingar ef brotið er gegn ákvæðum laganna. Það getur átt við ef skráning mála eða flokkun og frágangur skjala er í andstöðu við ákvæði reglna þar að lútandi. Vanræki aðili afhendingarskyldu til opinbers skjalasafns getur það varðað refsingum. Á þessum nýju forsendum hefur Þjóðskjalasafn að gefnu tilefni, rannsakað meint vanhöld í skjalastjórn og skjalavörslu ríkisins.

Á árinu 2017 voru sendar fyrirspurnir til fjögurra aðila innan stjórnsýslunnar þar sem könnuð voru vanhöld í skjalastjórn og skjalavörslu. Athugunum lauk án frekari íhlutunar safnsins.

# 5.

## VIÐTAKA OG VARÐVEISLA

Undir það fellur a) móttaka og innheimta skjalasafna frá opinberum aðilum og einkaaðilum, b) flokkun og skráning skjalasafna, c) forvarsla safnkostsins og viðhald hans, d) öryggisafritun mikilvægustu skjala.

Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 600 talsins. Þessir aðilar eru t.d. ráðuneyti, stofnanir, embætti, nefndir, sveitarfélög sem hafa ekki héraðsskjalasafn og skiptastjórar vegna afhendinga á þrotabúum, sbr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn. Safninu er skylt lögum samkvæmt að veita afhendingarskyldum aðilum ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og skjalastjórn. Safnið tekur þar að auki til varðveislu skjöl frá einkaaðilum, félögum og fyrirtækjum. Stærsta safn einkaskjala á Íslandi er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Þá er safninu skylt að taka til varðveislu sjúkraskrár, hvort sem er frá einkaaðilum eða afhendingarskyldum aðilum.

### Afhendingar pappírsskjala

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn skulu afhendingarskyldir aðilar afhenda skjalasöfn sín til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands, eða á héraðsskjalasafn eftir því sem við á, að jafnaði ekki síðar en þegar pappírsskjöl hafa náð 30 ára aldri og þegar rafræn skjöl hafa náð fimm ára aldri. Hluti pappírsskjala í Þjóðskjalasafni er þó yngri en 30 ára en ástæður þess má m.a. rekja til breytinga í stjórnsýslu ríkisins undanfarin ár. Þær kalla oftar en ekki á afhendingu á yngri gögnum til safnsins. Umsjón með ákvörðunum um viðtöku skjalasafna til Þjóðskjalasafns hefur hópur ráðgjafa safnsins, svokallaður viðtökuhópur. Viðtökuhópur fundaði 14 sinnum árið 2017 og fór yfir beiðnir um afhendingu skjalasafna. Þegar móttaka hefur verið samþykkt, er frágangur afhendingar kannaður, geymsluskrá er yfirfarin og afhendingardagur ákveðinn.

**Hillumetrar pappírsskjala í Þjóðskjalasafni 1985 – 2017**



Árið 2017 voru afhentir 950 hillumetrar af pappírsskjölum í 136 afhendingum. Það er mesta aukning á safnkostinum síðan 2013. Ástæðu þessa má helst rekja til þess að stór skjalasöfn voru afhent til frágangs eins og sjá má í viðauka 2. Einnig hefur aukning orðið á afhendingu á sjúkraskrám og þrotabúum eins og sjá má á mynd yfir afhendingu hillumetra pappírsskjala árin 2014-2017. Hver afhending getur verið misjöfn að umfangi, allt frá einu skjali yfir í fleiri tugi hillumetra af skjölum. Afhent var 71 einkaskjalasafn. Afhendingar afhendingarskyldra aðila voru 45. Þrota- og dánarbú 13 og sjúkraskrár 7. Þó að afhendingar einkaskjalasafna séu langflestar er umfang hverrar afhendingar oft lítið. Þannig er heildarumfang afhentra einkaskjalasafna rúmir 74 hillumetrar en heildarumfang afhentra opinberra skjalasafna 613 hillumetrar. Þrotabú og dánarbú töldu 60 hillumetra og sjúkraskrár 203 hillumetra.

## Afhendingar rafrænna gagna

Árið 2017 voru afhentar sex vörsluútgáfur rafrænna gagna frá afhendingarskyldum aðilum. Samkvæmt úrskurðum Þjóðskjalasafns átti þó að afhenda 27 vörsluútgáfur til safnsins og því frestast 21 afhending til síðari tíma. Ástæða þessa er að stundum reynist meiri vinna fyrir afhendingarskylda aðila að gera vörsluútgáfur en reiknað

**Hillumetrar pappírsskjala afhentir Þjóðskjalasafni 2004-2017**




**Afhent pappírsskjalasöfn í hillumetrum árið 2017**



var með í upphafi. Þegar svo ber undir þarf að fá undanþágu á afhendingu hjá Þjóðskjalasafni. Á árinu bárust fleiri vörsluútgáfur sem verður farið yfir á árinu 2018 og þær skráðar í afhendingarskrá þess árs.

Alls hafa verið afhentar 22 vörsluútgáfur rafrænna gagna frá því að rafræn skjalavarsla hófst í Þjóðskjalasafni árið 2010 en allar hafa þær komið frá afhendingarskyldum aðilum. Árið 2010 voru afhentar 11 vörsluútgáfur, einkum vegna afhendinga á rafrænum gögnum frá Rannsóknarnefnd Alþingis um fall bankana árið 2010.

Árin 2011-2016 voru fáar vörsluútgáfur afhentar eða samtals fimm. Árið 2017 voru sex vörsluútgáfur afhentar.

Rafræn skjalavarsla afhendingarskyldra aðila hefur því farið hægt af stað og afhendingar til Þjóðskjalasafns verið færri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Fjöldi rafrænna afhendinga árið 2017 er þó vísbending um að rafræn skjalavarsla er að sækja í sig veðrið og meiri reynsla af vörslu rafrænna gagna og afhendingu þeirra til Þjóðskjalasafns er að verða til hjá afhendingarskyldum aðilum.

**Fjöldi afhentra pappírsskjalasafna árið 2017**




**Fjöldi afhentra rafrænna vörsluútgáfa**




**Rafrænar vörsluútgáfur afhentar í Gb.**



## Grisjunarbeiðnir

Ólöglegt er að farga nokkru skjali úr skjalasafni afhendingarskyldra aðila nema að fá til þess heimild frá þjóðskjalaverði, samkvæmt reglum sem settar eru skv. lögum um opinber skjalasöfn eða skv. sérstöku lagaákvæði 24. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Ef ekki liggja fyrir reglur eða lagaákvæði þarf að senda inn svokallaða grisjunarbeiðni til Þjóðskjalasafns. Hún er tekin fyrir af skjalavörðum Þjóðskjalasafns Íslands áður en þær eru lagðar fyrir svokallað grisjunarráð sem er þjóðskjalaverði til halds og trausts við ákvörðanatöku um eyðingu skjala.

Árið 2017 bárust safninu 46 beiðnir um grisjun skjala afhendingarskyldra aðila. Alls voru þó afgreiddar 54 beiðnir en misræmið útskýrist af því að á fyrstu mánuðum ársins voru enn útistandandi beiðnir frá fyrra ári. Alls var 41 beiðni samþykkt en 10 beiðnum var synjað. Tvisvar bárust beiðnir þar sem heimild var til staðar. Einni beiðni var frestað og óskað viðbótaupplýsinga.

Undanfarin ár hefur grisjunarbeiðnum farið fjölgandi og má að öllum líkindum rekja fjölgunina til meiri vitundar afhendingarskyldra aðila um skyldur þeirra í skjalavörslu og skjalastjórn. Vegna þessa er mikilvægt að Þjóðskjalasafn hugi að setningu reglna um eyðingu á skjölum sem algengt er að fáist heimild til grisjunar á, s.s. fylgiskjölum bókhalds og prófúrlausnum. Undirbúningur að setningu slíkra reglna hófst á árinu 2017.

## Málalyklar

Málalyklar afhendingarskyldra aðila þurfa að uppfylla reglur Þjóðskjalasafns nr. 572/2015 og áður en nýr málalykill er tekinn í notkun verður að fá formlegt samþykki Þjóðskjalasafns Íslands. Við mat á málalykli er eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- Málalykillinn þarf að endurspegla efnissvið og undirflokkar lykilsins lögbundin verkefni skjalamyndarans.
- Er uppbygging lykilsins stigveldisskipt?
- Eru einhver óútskýrð göt í lyklinum?
- Er í inngangi lykilsins lýsing á efnissviðum? Eru þar leiðbeiningar um notkun lykilsins og þar tilgreindur gildistími?

Árið 2017 voru alls samþykktir 14 málalyklar sem er svipaður fjöldi og á árinu 2016.

## Skjalavistunaráætlanir

Skjalavistunaráætlun er grundvallarstjórntæki í skjalasafni stofnunar. Skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila þurfa að uppfylla reglur nr. 571/2015 og safnið þarf að samþykkja skjalavistunaráætlun áður en hún er tekin í notkun. Reglur um skjalavistunaráætlanir gilda hvort sem afhendingarskyldur aðili styðst við rafræna skjalavörslu eða pappírsskjalavörslu.

**Grisjunarbeiðnir árið 2017**




**Samþykktir málalyklar 2008 – 2017**



Þjóðskjalasafni bárust einungis tvær beiðnir um samþykkt á skjalavistunaráætlun á árinu 2017 og voru báðar samþykktar af safninu. Það er áhyggjuefni að svo fáir afhendingarskyldir aðilar hafi komið sér upp skjalavistunaráætlunum en þær veita gott heildaryfirlit yfir skjalavörslu og skjalastjórn hvers aðila.

## Rafræn skjalavarsla

Samkvæmt reglum sem Þjóðskjalasafn hefur sett, ber afhendingarskyldum aðilum að tilkynna um notkun á rafrænum gagnakerfum og síðan í framhaldinu að afhenda vörsluútgáfur af rafrænu gögnunum til safnsins ef úrskurðað er að gögn í kerfunum séu varðveisluverð.

Árið 2017 barst 21 tilkynning um rafrænt gagnakerfi, þar af sjö tilkynningar um rafræn skjalavörslukerfi og 14 tilkynningar um önnur rafræn gagnakerfi þ.e. dagbókarkerfi, gagnagrunna og skrár. Tilkynning á rafrænu gagnakerfi er undanfari afhendingar á vörsluútgáfu rafrænna gagna til safnsins.

Tilkynningum um rafræn kerfi má skipta í þrjá flokka eftir eðli þeirra gagna sem um er að ræða, þ.e. í mála- og skjalavörslukerfi, dagbókarkerfi og gagnagrunna.

Þegar tilkynning um rafrænt kerfi berst Þjóðskjalasafni eru gögnin sem kerfið hýsir metin. Að loknu mati leggur safnið fram úrskurð um hvort varðveita eigi upplýsingarnar í kerfinu. Alls voru 15 úrskurðir árið 2014, þar af sjö felldir fyrir málaog skjalavörslukerfi og átta fyrir gagnagrunna. Árið 2017 var felldur 31 úrskurður, þar af voru sjö fyrir mála- og skjalavörslukerfi, 5 fyrir dagbókarkerfi og 19 vegna gagnagrunna. Úrskurðir voru langflestir árið 2016 og þá var í fyrsta skipti í þrjú ár úrskurðað um dagbókarkerfi.

## Fræðsla fyrir afhendingarskylda aðila

Þjóðskjalasafn Íslands stendur reglulega fyrir námskeiðum um skjalastjórn og skjalavörslu. Árið 2017 voru fimm námskeið auglýst og voru þátttakendur samtals 75. Eitt námskeið þurfti að fella niður vegna ónógrar þátttöku. Námskeiðin fara fram í fyrirlestrarsal Þjóðskjalasafns og eru jafnframt send út í gegnum fjarfundabúnað. Frá árinu 2009 hafa yfir 1.000 þátttakendur sótt námskeið safnsins. Þátttakendum hefur þó fækkað nokkuð undanfarin ár en möguleg skýring á því er að hin góða þátttaka undanfarin ár hafi mettað þörf fyrir fræðslu að verulegu leyti og jafnvægi sé nú komið í ásókn í námskeið safnsins. Þá hefur Youtube–rás Þjóðskjalasafns án efa áhrif en þar er hægt að sækja fræðslu þegar á þarf að halda. Árið 2017 bættust við þrjú fræðslumyndbönd á vefinn og er töluvert áhorf á þau.

Þjóðskjalasafn hefur frá árinu 2014 gefið út rafrænt fréttabréf, Skjalafréttir. Markmiðið með fréttabréfinu er að upplýsa og fræða bæði áhuga-

**Fjöldi tilkynninga eftir árum frá 2014–2017**




**Fjöldi úrskurða eftir árum frá 2014–2017**



**Fjöldi þátttakenda á námskeiðum 2009 - 2017**




fólk og afhendingarskylda aðila um skjalavörslu og skjalastjórn, t.d. nýjar reglur, námskeið, leiðbeiningarrit og tilmæli. Alls voru 407 áskrifendur að fréttabréfinu í lok árs og út komu 12 tölublöð á árinu 2017.

## Frágangur og skráning skjalasafna

Í Þjóðskjalasafni starfa að jafnaði 2-3 starfsmenn að frágangi og skráningu á skjalasöfnum. Annars vegar er um að ræða frágang og skráningu á skjalasöfnum sem afhendingaraðilar hafa samið við Þjóðskjalasafn um að vinna gegn greiðslu. Slík verkefni geta bæði átt við einkaskjalasöfn og skjalasöfn frá afhendingarskyldum aðilum. Hins vegar eru frágangur og skráning á eldri safnkosti Þjóðskjalasafns. Hluti af eldri safnkosti safnsins er enn ófrágenginn og er unnið að þessum fortíðarvanda á hverju ári. Ljóst er að án aukins fjárframlags mun taka langan tíma að skrá og ganga frá þeim skjalasöfnum, sem eru ófrágengin og þar með óaðgengileg. Einnig er unnið að endurskráningu á eldri skjalasöfnum í þeim tilgangi að bæta frágang og skráningu. Vinna þessi er samkvæmt stöðlum og skjalaskrár vistaðar og birtar í skjalaskrárkerfi safnsins á vefnum. Helstu söfnin sem unnið var með á árinu voru sjúkraskrár, manntalið 1703, teikningasöfn og ýmis einkaskjalasöfn.

## Þrotabúsverkefni

Þjóðskjalasafn Íslands ber að taka við skjölum þrotabúa eftir að skiptum er lokið og varðveita skv. 80. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Þau þrotabú sem hafa borist í gegnum árin eru lítið sem ekkert skráð og því hefur verið erfitt að fá yfirlit yfir hvaða skjöl eru í vörslu Þjóðskjalasafns. Þannig hafði skjölum ýmissa þrotabúa verið safnað saman á vörubrettum í geymslum Þjóðskjalasafns og var umfang þeirra orðið um 2,5 hillukílómetrar. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á geymslum Þjóðskjalasafns var orðið aðkallandi að skrá þrotabú, grisja þau skjöl sem ekki verða varanlega varðveislu og skrá önnur svo þau verði aðgengileg.

Í eðli sínu eru þrotabú ekki heilleg skjalasöfn sem endurspegla sögu þeirra fyrirtækja sem þau tilheyra. Samkvæmt lögum tekur skiptastjóri til sín þau skjöl sem hann þarf á að halda til að skiptin geti farið fram. Yfirleitt er aðeins um bókhaldsskjöl frá síðustu árum fyrirtækisins að ræða, sem að öllu jöfnu hefði verið eytt að sjö árum liðnum í samræmi við lög nr. 145/1994 um bókhald. Þau varpa ekki ljósi á sögu fyrirtækisins nema hugsanlega síðustu árin fyrir gjaldþrot. Í einhverjum tilfellum leynast þó önnur skjöl sem segja meiri sögu, s.s. fundargerðir eða bréf. Þau skjöl eru einmitt ástæðan fyrir því að mikilvægt er að fara vel yfir öll skjöl þrotabúa og tryggja varðveislu sögulega mikilvægra heimilda.

Sérstakt átak hófst um miðjan júní 2017 þar sem ákveðið var að grisja hluta skjala þrotabúa sem borist höfðu safninu. Við ákvörðunina var stuðst við þá hugmyndafræði að meta skjölin út frá spurningunni: *Af hverju ætti að varðveita þessi skjöl?* frekar en að gera ráð fyrir varðveislu og meta hvort heimila ætti grisjun. Meginreglan í þrotabúsverkefninu er eyðing bókhaldsskjala en þó með þeim undantekningum að fyrir þau bú sem eru 40 hillumetrar eða stærri að umfangi er sýnishornataka að lágmarki 5%. Með þessu var ætlunin að minnka umfang þrotabúana um 80-90% í þeim tilfellum sem um mikið magn bókhaldsskjala er að ræða. Öll önnur skjöl, s.s. fundargerðir, bréf, ársreikningar, málsskjöl o.þ.h. eru alltaf varðveitt úr öllum búum. Að auki er litið til starfsemi fyrirtækja og hvort bókhaldsgögn segi sögu sem ástæða er til að varðveita.




Starfsfólk safnsins kynnir sér aðferðir við flokkun og skráningu þrotabúa.



Ófrágengin skjöl þrotabúa bíða flokkunar.

Verklag við frágang og skráningu er með þeim hætti að það sem er varðveitt er grófpakkað og skráð á forprentuð eyðublöð þar sem hægt er að haka við ákveðna innihaldslýsingu, s.s. bréf, fundargerðir, ársreikninga o.s.frv. Aðeins er skráð niður á öskju en ekki arkir og gerðar eru athugasemdir við ástand skjalanna ef þurfa þykir út frá forvörslusjónarmiðum. Það sem heimilt er að grisja er einnig grófskráð á forprentuð eyðublöð til að fá yfirlit yfir hvaða skjöl voru í hverju þrotabúi fyrir sig. Með þessu verklagi er vonast til að unnt verði að gera þessi söfn aðgengileg þrátt fyrir að ítarskráningu sé ábótavant, en með tímanum væri hægt að ítarskrá þau söfn sem mikið er sótt í. Þá er einnig haldið utan um upplýsingar um öll þrotabú og skjöl þeirra hvort sem þau eru varðveitt eða grisjuð.

Í lok árs 2017 var búið að fara yfir rúmlega 1.100 hillumetra af skjölum. Það gerir 44% af heildarumfanginu. Af þessum 1.100 hillumetrum er búið að ganga frá til varðveislu 180 sem gerir 16% varðveislu. Í þessum 1.100 hillumetrum voru um 600 þrotabú og þar af er eitthvað varðveitt frá tæplega 500 þrotabúum, eða í 82% tilfella. Verkefnið heldur áfram fram undir síðari hluta næsta árs.

# Forvarsla

Forvörsluverkstæði Þjóðskjalasafns Íslands sér bæði um styrkjandi og fyrirbyggjandi forvörslu á skjölum safnsins og að tryggja að varðveisluaðstæður séu eins góðar og mögulegt er. Helstu verkefni ársins í styrkjandi forvörslu hafa tengst skönnun skjala úr kirknaskjalasöfnum og sýsluskjalasöfnum. Áður en skjöl eru skönnuð eru þau ástandsskoðuð og gert við þau sem þarf áður en frekari meðhöndlun á sér stað. Einnig er unnið að reglubundnum viðgerðum á mikilvægum bréfasöfnum úr eldri skjalasöfnum frá 18. og 19. öld til að tryggja langtímavörslu þeirra. Forvarslan sinnir einnig beiðnum um styrkjandi forvörslu frá lestrarsal og eru það nokkrar beiðnir á hverju ári.

Hlutverk fyrirbyggjandi forvörslu er að bæta umhverfi skjala til þess að hægja á hrörnunarferli þeirra. Það felur í sér fræðslu til starfsfólks og afhendingarskyldra aðila um aðbúnað, umbúðir og meðhöndlun skjala, endurbætur á aðbúnaði í geymslum hvað varðar raka- og hitastig, útskiptingu á umbúðum fyrri ára og samráð um ákvarðanir um útlán skjala til sýninga og á lestrarsal út frá varðveislusjónarmiðum. Þýðing á handbók fyrir starfsmenn skjalasafna og aðra sem nota skjöl er í vinnslu.

Forvarslan sinnir ráðgjöf og svarar fyrirspurnum til opinberra aðila um varðveislu. Oftast er beðið um ráðgjöf varðandi frágang á skjölum og teikningum en einnig hefur fyrirspurnum vegna myglu í skjalageymslum fjölgað verulega. Liður í slíkri ráðgjöf er námskeiðahald en starfsmaður forvörslu tekur þátt í námskeiðinu *Frágangur, skráning og afhending pappírsskjalasafna*, sem haldið er árlega á Þjóðskjalasafni Íslands.

Um mitt ár var keyptur sérstakur útsogsskápur sem kemur í veg fyrir að eiturefni og skaðleg efni úr myglu fari út í andrúmsloftið. Það bætir verulega vinnuaðstöðu starfsmanna sem hreinsa og forverja skjöl.



Karen Sigurkarlsdóttir forvörður kynnir starfsfólki starfsemina á forvörsluverkstæðinu.



Útsogsskápur kemur í veg fyrir að skaðleg efni fari út í andrúmsloftið.

# 6.

# AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

Undir aðgengi og þjónustu fellur a) rekstur lestrarsalar fyrir almenning og fræðimenn, b) að svara fyrirspurnum um innihald safnkostsins, c) að svara beiðnum um aðgang að gögnum sem lúta reglum um takmarkaðan aðgang, d) þróun og rekstur rafrænnar skjalaskrár yfir safnkostinn.

## Bætt vefviðmót

Unnið var að endurnýjun á hugbúnaði sem birtir skjalaskrár Þjóðskjalasafns á vefnum. Á árinu var unnið að þróun og hönnun nýs vefviðmóts til að bæta leit og birtingu upplýsinga úr skjalaskrám fyrir notendur safnsins. Stefnt er að því að nýtt vefviðmót á skjalaskrá safnsins verði tekið í notkun í byrjun árs 2018.

Á árinu 2017 voru 228 skjalasöfn skráð inn í rafræna skjalaskrá safnsins. Er þar um að ræða rúmlega 15.200 öskjur. Um 100.000 færslur bættust þar með inn í skjalaskrána en í lok árs 2017 voru þar rúmlega 680.000 færslur. Enn er einungis hluti skjalaforðans kominn í rafrænu skjalaskránna en unnið er jafnt og þétt að innsetningu nýrra skjalaskráa. Allmargar gamlar skrár eru þó enn aðeins til á pappír.

## Samskrá yfir einkaskjöl

Þjóðskjalasafn tekur þátt í uppbyggingu vefsins www.einkaskjalasafn.is sem birtir upplýsingar um einkaskjalasöfn sem varðveitt eru hjá vörslustofnunum á Íslandi, sem sagt opinberum skjalasöfnum og handritasafni Landsbókasafns Íslands–Háskólabókasafns. Undir lok árs 2017 voru birtar á vefnum upplýsingar um tæplega 6.800 einkaskjalasöfn sem varðveitt eru á 21 vörslustofnun. Undir lok árs 2017 hafði Þjóðskjalasafn birt upplýsingar um 1.000 einkaskjalasöfn sem varðveitt eru í safninu.

## Útlán og notkun skjala

Árið 2017 voru 6.031 öskjur pantaðar úr geymslum safnsins til notkunnar á lestrarsal, til innanhússnota, vegna láns til skjalamyndara eða vegna millisafnaláns. Þar er um talsverða aukningu að ræða frá fyrra ári, þegar samsvarandi tala var 5.544 öskjur. Sú aukning á sér að mestu leyti orsök sína í því að innihald tæplega 1.400 askja var skannað og ljósmyndað í tengslum við það verkefni að gera kirkjubækur og sóknarmannatöl aðgengileg með rafrænum hætti á netinu. Örlítil fjölgun var á pöntunum gagna á lestrarsal en 3.705 öskjur voru lánaðar til skoðunar á lestarsalinn. Má því ætla að allt að 20 tonn af gögnum hafi verið flutt úr geymslum safnsins á lestrarsalinn á árinu. Gögn sýslumannsembættanna voru vinsælust til útláns á lestrarsal.

Þrátt fyrir að mikið magn gagna sé flutt úr geymslum til ýmissa nota segir það þó ekki alla söguna. Mikið magn skjala er notað í skjalageymslunum sjálfum vegna fyrirspurna sem safninu berast. Þau gögn eru því ekki talin með í þessu sambandi.

Talsverð fjölgun var á beiðnum frá skjalamyndurum að fá skjöl sín aftur að láni frá safninu. Heimild er fyrir slíku í lögum um opinber skjalasöfn og jafnframt geta aðilar með sérstakar rannsóknarheimildir haldlagt gögn vegna rannsóknar mála. Alls bárust 45 beiðnir frá skjalamyndurum um að fá gögn frá safninu til skoðunar og tímabundnar notkunar. Að sumu leyti má segja að það ráðslag geti verið óheppilegt og skapi óþarfa áhættu, bæði hvað varðar flutning gagnanna og eins endurheimtur þeirra. Þá hefur Þjóðskjalasafn fengið gögn í millisafnaláni, einkum frá héraðsskjalasöfnum, og Þjóðskjalasafn hefur lánað gögn sín með sama hætti. Hins vegar hefur dregið úr slíkum beiðnum og fremur er leitast við að skanna gögn sem sóst er eftir, til hagsbóta fyrir báða aðila.

## Fyrirspurnir vegna safnkosts

Stór þáttur í starfsemi Þjóðskjalasafns er að svara fyrirspurnum frá viðskiptavinum. Fyrirspurnirnar eru fjölbreyttar. Þær geta falið í sér einfalda uppflettingu í gögnum eða beiðni um afrit, t.d. úr veðmálabókum. Sumar fyrirspurnir geta verið viðamiklar rannsóknir, sem jafnvel tekur vikur eða mánuði að afgreiða. Hér verður einungis fjallað um þær fyrirspurnir sem berast vegna safnkostsins en ekki fyrirspurnir sem berast um skjalavörslu og skjalastjórn eða lúta að afhendingu skjala til safnsins.

Gögn sem eru eldri en 80 ára eru öllum opin. Heilbrigðisupplýsingar eru þó ekki aðgengilegar fyrr en eftir 100 ár. Eldri gögn geta notendur safnsins fengið á lestrarsal án mikils fyrirvara, eða afrit af viðkomandi gögnum gegn hóflegri greiðslu. Þegar óskað er aðgangs að yngri gögnum en 80 ára þarf starfsfólk safnsins að kanna hvort þar liggi viðkvæmar persónuupplýsingar og taka afstöðu til þess hvort viðkomandi á rétt á að sjá gögnin. Stundum þarf að afrita hluta efnis í skjalaöskju, ef viðkomandi er óheimill aðgangur að hluta gagnanna. Stærstur hluti safnkosts Þjóðskjalasafns er yngri en 80 ára.

Viðamestu fyrirspurnirnar undanfarin ár tengjast aðgangi að gögnum fyrstu rannsóknarnefndar Alþingis, sem stofnuð var vegna bankahrunsins, en lögum samkvæmt afhenti nefndin, eins og aðrar rannsóknarnefndir Alþingis, Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu þegar hún hafði lokið störfum. Sumar beiðnir um afgreiðslu gagna nefndarinnar eru viðamiklar, í allt að 200 liðum. Afgreiðsla þeirra hefur því reynst mjög tímafrek, þar sem þær hafa falið í sér leit að gögnum og lögfræðilegu mati á því hvort viðkomandi hafi lagalegan rétt á að fá umrætt skjal í hendur. Þessum fyrirspurnum fækkaði á árinu, enda hefur dómsmálum vegna hrunsins fækkað mjög. Eitt mál varðandi aðgang

| Skráðar fyrirspurnir 2017 | Fjöldi |
|---|---|
| Uppflettingar í veðmálabókum | 240 |
| Almennar fyrirspurnir varðandi leit að gögnum | 232 |
| Ættfræði, nafnritanir í kirkjubókum o.s.frv. | 212 |
| Gögn vegna dóms- og löggæslumála | 171 |
| Jarðamál (landamerki, skipti jarða, eignarhald o.s.frv.) | 128 |
| Afrit af skattaskýrslum | 127 |
| Pöntun gagna og afritun | 118 |
| Náms- og starfsferill (einkunnir, útskriftarskírteini o.s.frv.) | 86 |
| Bygginga- og skipulagsteikningar | 79 |
| Dánarbússkipti og erfðamál | 41 |
| Sjúkraskýrslur (læknaskýrslur o.s.frv.) | 32 |
| Skráning áhafna á skip | 25 |
| Barnaverndarmál og ættleiðingar | 18 |
| Bifreiðaskráningar | 12 |
| Aðrar beiðnir | 17 |
| Samt. | 1.538 |



Benedikt Eyþórsson skjalavörður skoðar skjöl í skjalageymslu safnsins.

að gögnum nefndarinnar rataði þó til Hæstaréttar (nr. 64/2017) á árinu og var það mat réttarins að Þjóðskjalasafnið hafi farið rétt að við afgreiðslu málsins.

Skráðar fyrirspurnir á árinu voru alls 1.538. Þessi heildartala fyrirspurna á árinu segir þó aðeins hluta sögunnar. Sumar beiðnir til safnsins eru auðveldar viðfangs. Er þar um að ræða beiðir um afrit af ákveðnum skráðum skjölum, eða upplýsingum sem auðvelt er að nálgast. Í grófum dráttum má segja að tæpur helmingur af fyrirspurnunum sé með þeim hætti. Er þá átt við uppflettingar í veðmálabókum, upplýsingar um nafnritun í kirkjubókum og pöntun fyrirfram ákveðinna skjala á lestrarsal, auk þess sem talsverður hluti almennra fyrirspurna er sama eðlis. Aðrar beiðnir eru oft á tíðum mun tímafrekari. Þær fela oft í sér rannsókn á safnkosti, afritun talsverðs magns af gögnum og mati á því hvort viðkomandi hafi rétt á að fá umbeðin gögn til skoðunar.

## Heimsóknir á lestrarsal

Lestrarsalur Þjóðskjalasafns var opinn alla virka daga frá kl. 10:00–17:00 mánudaga til fimmtudaga, en frá 10:00–16:00 á föstudögum. Gestir á lestrarsal árið 2017 voru 2.505 talsins, nokkru fleiri en árið áður, en þá voru þeir alls 2.450. Konur voru einhverra hluta vegna mun færri en karlar eða 827 konur á móti 1.678 körlum. Engin viðhlýtandi skýring er á þessari staðreynd. Gestir sem koma á lestrarsal að leita upplýsinga eru á öllum aldri. Fræðimenn og háskólanemar sem vinna að rannsóknum, einkum á sviði sagnfræði, eru áberandi og panta mikið skjalamagn á lestrarsal. Ættfræðingum, sem áður voru nær daglegir gestir, hefur farið mjög fækkandi. Ástæðan er líklega sú að mikið af ættfræðiheimildum er komin á vefinn. Gestum sem eru að rannsaka annan safnkost hefur hins vegar fjölgað.



Lestrarsalur Þjóðskjalasafns.

# 7.

# RANNSÓKNIR OG MIÐLUN

Undir rannsóknir og miðlun falla a) rannsóknir á sögu þjóðarinnar, b) útgáfa prentaðs efnis, c) útgáfa stafrænna afrita og d) fræðsla fyrir fræðimenn, almenning og skóla.

Í lögum um opinber skjalasöfn segir m.a. að þau skuli „gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti“ þeirra (13. gr.). Þjóðskjalasafn er þannig einnig rannsóknarstofnun í íslenskri sögu og skjalfræðum á þessum forsendum. Rannsóknir á vegum safnsins tengjast fyrst og fremst sagnfræði, einkum stjórnsýslusögu, sérstökum skjalfræðilegum viðfangsefnum og heimildaútgáfu. Sérstakt verkefni tengist líka rannsóknum á eignarheimildum fyrir Óbyggðanefnd, svokölluð þjóðlendumál, sem nokkrir starfsmenn vinna að árið um kring.

Þjóðskjalasafni er, sem opinberu skjalasafni, skylt að vinna að því „að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar“ (20. gr.). Þetta hlutverk varð að skyldu með lögum um opinber skjalasöfn frá 2014. Safnið hefur m.a. á þessum nýju forsendum hafið verulegt átak í miðlun heimilda og aflað til þess stuðnings annarra aðila, sjóða og samtaka.

## Þjóðlenduverkefni

Á árinu lauk þjóðlenduteymi Þjóðskjalasafns gagnaöflun og greinagerðarskrifum vegna svæðis 9a (Dalasýslu). Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns vegna svæðis 9a er þrískipt í samræmi við málaskiptingu á svæðinu, sem er þessi: Mál nr. 1/2016, – Flekkudalur og Svínadalur; Mál nr. 2/2016, – Vatnsþverdalur, fjalllendi Skarðs, Stóri–Vatnshornsmúli, Jörfaafréttur, landsvæði sunnan og vestan Villingadalsdraga og Geldingadalur og loks mál nr. 3/2016, – Sauðafell (selland), landsvæði sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði, fjalllendi fremri Vífilsdals, fjalllendi Hrafnabjarga og Botn við Svínbjúg. Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns vegna svæðis 9a er um 477 bls.




Í septembermánuði tók skjalavörður, sem starfar við þjóðlendurannsóknir, þátt í þriggja daga vettvangsferð með Óbyggðanefnd, starfsmönnum Óbyggðanefndar, lögmönnum ríkisins og lögmönnum gagnaðila um svæði 9a. Naut hópurinn traustrar leiðsagnar staðkunnugra Dalamanna á vettvangi. Samhliða vettvangsferð um svæði 9a fór fram málflutningur í héraði, Búðardal, í tveimur þeirra mála sem sem til úrlausar eru á sama svæði. Málfutningur í þriðja málinu fór fram í nóvembermánuði á sama stað.

Samhliða vinnu við svæði 9a, var unnið að undirbúningi við svæði 9b (Snæfellsnes). Gert er ráð fyrir því að söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands vegna svæðis 9b liggi fyrir á árinu 2018.

Skráning dóma- og þingbóka í Dómabókagrunn Þjóðskjalasafns, hélt áfram á árinu 2017, svo sem hin síðustu ár. Skráning dóma- og þingbóka hefur haldist í hendur við þjóðlendurannsóknir safnsins frá því um mitt ár 2007. Skráðar voru dómabækur af Vestfjarðakjálkanum, þ.e. úr Stranda-, Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslum.

Áætlanir safnsins um framvindu verkefnisins stóðust. Samtals skiptu sjö starfsmenn Þjóðskjalasafns Íslands með sér 2,6 ársverkum við þjóðlendurannsóknir á árinu 2017.

## Skönnun í samstarfi við Family Search

Family Search, sem áður hét The Genealogical Society of Utah, hefur um nokkurt skeið unnið að skönnun heimilda í vörslu Þjóðskjalasafns. Einkum hefur verið lögð áhersla á skjöl, sem hafa að geyma ættfræðilegar upplýsingar. Family Sarch eru stærstu ættfræðisamtök í heimi og hafa gert samstarfssamninga við fjölmörg skjalasöfn víða um heim um sambærilega skönnun skjala.



Susan og Richard Huff.

Á vordögum ársins 2015 hófust viðræður á milli Þjóðskjalasafns og FamilySearch um gerð samstarfssamnings um stafræna afritun tiltekinna skjalaflokka. Í ársbyrjun 2016 var undirritaður samningur um stafræna afritun sóknarmannatala. Megininntak samningsins er að Þjóðskjalasafn leggur til heimildir, aðstöðu og verkefnastjórn. Family Search leggur til vinnuafl sjálfboðaliða. Hvor aðili fær sitt eintak til frjálsrar notkunar. Samningurinn skapar einstakt tækifæri í miðlun og öryggisafritun. Með honum næst skjótur árangur í miðlun mikilvægra og eftirsóttra heimilda um netið.

Í apríl 2017 var undirritaður viðbótarsamningur um áframhaldandi afritun fleiri skjalaflokka og á því ári var einkum unnið að skönnun á prestsþjónustubókum. Í þær rituðu prestar upplýsingar um skírnir, fermingar, giftingar og andlát, auk annara upplýsinga sem tengdust tilfærslu fólks milli sókna. Elsta prestsþjónustubókin eru frá 1664 og nokkuð er til af prestsþjónustubókum frá seinni hluta 18. aldar. Flestar bækurnar eru frá 19. öld til dagsins í dag, en einungis voru skannaðar bækur sem náðu til ársins 1967. Undir lok ársins var skönnun bókanna lokið.

Sjálfboðaliðar Family Search hafa verið að störfum í safninu síðan í mars 2016. Fyrst störfuðu hér hjónin Terry M. Shepherd og Lillian Johnson Shepherd. Þau luku störfum í janúar 2017. Í aprílmánuði sama ár komu þau Susan Huff og Richard Huff og þau munu starfa fram í september 2018.

**Áætlun um aðsókn að vefjum ÞÍ og fjölda skannaðra og birtra mynda**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Notendur | 59.040 | 61.992 | 65.000 | 68.000 | 71.000 |
| Innlit | 102.384 | 107.503 | 112.000 | 117.000 | 122.000 |
| Flettingar | 324.032 | 340.234 | 357.000 | 374.000 | 392.000 |
| | | | | | |
| Skannaðar myndir | 133.266 | 153.400 | 160.000 | 160.000 | 160.000 |
| Birtar myndir | | 145.700 | 152.000 | 152.000 | 152.000 |

## Aðsókn að vefjum safnsins

Á undanförnum árum hefur aðsókn að vefjum safnins aukist jafnt og þétt. Notendum fjölgar og sá tími sem fólk notar til að skoða rafræn skjöl, sem birt eru á vef safnsins, eykst. Gert er ráð fyrir að á næstum árum muni fjöldinn aukast ár frá ári og haldist í hendur við að á næstum árum verða skannaðir og birtir nýir heimildaflokkar, sem mun gjörbreyta aðgengi almennings að þeim heimildum.

## Útgáfa á skjölum Landsnefndarinnar fyrri

Vinna stendur yfir við stórt útgáfuverkefni, þar sem gefin eru út skjöl Landsnefndarinnar fyrri, sem var skipuð af Danakonungi 20. mars 1770, og kom til landsins með vorskipum það ár. Nefndarmenn voru Andreas Holt vararáðsmaður frá Osló, Þorkell Fjeldsted, lögmaður í Færeyjum og Thomas Windekilde, fyrrverandi kaupmaður á Eyrarbakka. Ritari og þýðandi var skipaður Eyjólfur Jónsson, konunglegur stjörnuskoðari í Kaupmannahöfn.

Landsnefndinni var ætlað að kanna almenna landshagi á Íslandi og leggja fram viðreisnartillögur. Nefndarmenn dvöldu á Íslandi frá vordögum 1770 fram á haust 1771 og kynntu sér allar aðstæður af eigin raun. Í störfum sínum lögðu þeir sig fram um að komast í tengsl við bæði almenning, presta og embættismenn. Bækistöð þeirra var í Reykjavík, í þá nýbyggðu tugthúsinu, en einnig sóttu þeir Alþingi á Þingvöllum.

Málefni sem nefndin átti að rannsaka sérstaklega voru útlistuð ítarlega í 18 greinum erindisbréfsins og gefur það góða innsýn í hvaða hugmyndir stjórnin hafði um framfarir á Íslandi. Þar á meðal var fólksfjöldi, læknar og ljósmæður, fiskveiðar og fiskverkun, frjáls verslun, kornmölun, kornrækt og kvarnarsteinar, búfjárrækt, sala konungsjarða, skipting landsins í tvö ömt, landvarnir, Innréttingarnar og handverk, steinefni, vegabætur og launverslun.

Síðast en ekki síst átti nefndin að hvetja allan almenning til að skrifa um það sem þeim hugnaðist að skrifa um, lýsa aðstæðum sínum og viðhorfum milliliðalaust. Það bar sannarlega árangur og er það sem gerir skjöl Landsnefndarinnar fyrri einstök og gefur ómetanlega innsýn inn í lífið á Íslandi í lok átjándu aldar.

Í skjalasafni Landsnefndarinnar eru bréf frá almenningi, prestum, sýslumönnum og öðrum embættismönnum, auk greinargerða og margvíslegra gagna frá nefndarmönnum sjálfum. Landsnefndarskjölin gefa einstæða innsýn í hugarfar, venjur og siði almennings og embættismanna á Íslandi, auk afstöðu danskra stjórnvalda til þeirra fjölmörgu mála sem Íslendingar gerðu að umtalsefni í lok 18. aldar. Þjóðskjalasafn Íslands gefur skjöl Landsnefndarinnar fyrri út í samstarfi við Ríkisskjalasafn Danmerkur og Sögufélag. Útgáfan hófst árið 2016 og verða bækurnar sex talsins, með uppskriftum skjala og fræðilegum greinum, auk vefbirtingar ljósmynda af frumskjölunum og uppskrifta á þeim.



Teikning Þorkels Fjeldsted af hverasvæði á Reykhólum á Barðaströnd. Teikningin er hluti skjala Landsnefndarinnar.

Í ár hefur verið unnið að því að búa bréf embættismanna til prentunar, sem munu birtast í þriðja og fjórða bindi útgáfunnar. Styrktaraðilar verkefnisins eru Rannís og Augustínusarsjóðurinn í Danmörku.

## Sýningar og móttaka hópa

Á árinu 2017 tók Þjóðskjalasafn á móti allmörgum hópum, sem kynntu sér starfsemi safnsins með einum eða öðrum hætti. Gera má ráð fyrir að ríflega 600 manns hafi heimsótt safnið með þessum hætti á árinu í um 20 hópum. Nemendahópar úr Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, Menntaskólunum við Hamrahlíð og Menntaskólanum í Kópavogi heimsóttu safnið. Þá má nefna að í fyrsta skipti í langan tíma var tekið á móti hóp úr grunnskóla, en það voru nemendur úr Sjálandsskóla. Af öðrum hópum má nefna félagsmenn í Úrsmiðafélagi Íslands og starfsfólk Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða þessum heimsóknum var ætíð sett upp skjalasýning, auk þess sem starfsemi safnsins og hlutverk var kynnt.

Í byrjun febrúar tók safnið þátt í Safnanótt, þar sem margvíslegar menningarstofnanir á höfuðborgarsvæðinu taka höndum saman um að kynna starfsemi sína. Að þessu sinni var yfirskrift Safnanætur í Þjóðskjalasafni: *Glæpur og refsing*. Þar fluttu þeir Páll Benediktsson fyrrverandi fréttamaður erindi um afa sinn og nafna Pál Árnason, lögreglumann nr. 2. í Reykjavík, og Hjörleifur Stefánsson arkitekt sagði sögu Hegningarhússins við Skólavörðustíg. Þá fjallaði Unnar Ingvarsson um löggæslu á Íslandi á 19. öld og hvað megi læra af þeim skjölum sem safnið varðveitir og tengjast efninu. Að auki var boðið upp á svokallaðar vasaljósaferðir í skjalageymslur og sýnd skjöl úr fórum safnsins. Um 100 manns komu í Þjóðskjalasafn á Safnanótt.

Afmælissýning í tilefni af 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands var sett upp í Safnahúsinu. Sýningin bar heitið *Spegill samfélagsins 1770. Almúgi og embættismenn skrifa Danakonungi*. Sýningin var opnuð 15. júní og sett upp til eins árs. Á sýningunni var sett upp úrval skjala úr skjalasafni Landsnefndarinnar fyrri og vefur landsnefndarskjalanna, www.landsnefndin.is, gerður aðgengilegur. Þá var hægt að hlusta á útvarpsþætti sem Ríkisútvarpið gerði um skjölin og hægt að horfa á umfjöllun Egils Helgasonar um skjölin og birt var í Ríkissjónvarpinu. Útgefnar bækur með skjölunum voru einnig til sýnis fyrir gesti.

Norrænni skjaladagurinn var haldinn laugardaginn í annari viku nóvember venju samkvæmt. Yfirskrift dagsins var Hús og heimili. Skjalasöfn landsins tóku höndum saman og settu efni á vefinn www.skjaladagur.is og voru þar um 30 innslög sem öll tengdust yfirskriftinni. Dagskrá var í Þjóðskjalasafni þar sem Arndís S. Árnadóttir flutti erindi sem bar heitið: Að lesa í teikningar: Staðnæmst við eldhúsið, og Pétur Ármannsson arkitekt fjallaði um húsateikningar sem listrænar og




Sýning Þjóðskjalasafns á skjölum Landsnefndarinnar fyrri var sett upp í Safnahúsinu. Hér má sjá ráðstefnugesti frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi á Vestnorrænum skjaladögum á sýningunni.

sögulegar heimildir. Að auki var sett upp sýning á teikningum og öðrum skjölum. Um 50 manns komu á safnið í tilefni dagsins.

Í vöxt hefur farið að Þjóðskjalasafn láni skjöl til sýninga utan Þjóðskjalasafns. Að sjálfsögðu er afar mikilvægt að öryggi skjalanna sé tryggt sem kostur er. Árið 2017 voru lánuð skjöl á sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem tengist hinum svokölluðu Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Einnig voru stjórnarskrárnar 1874, 1920 og 1944 lánaðar á sýningu í Gerðarsafni, en þar settu listamennirnir Libia Castro og Ólafur Ólafsson upp listviðburð, sem tengdist gerð nýrrar stjórnarskrár. Samhliða sýningunni var haldið málþing þar sem fulltrúi Þjóðskjalasafns, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs fjallaði um varðveislusögu stjórnarskránna.

## Nordisk Arkivnyt

Tímaritið *Nordisk Arkivnyt* er gefið út af þjóð- og ríkisskjalasöfnunum á Norðurlöndum. Árlega koma út fjögur blöð með greinum um ýmis málefni skjalasafnanna og fréttum á sviði rannsókna og skjalfræði. Á árinu tók Karen Sigurkarlsdóttir forvörður við ritstjórn íslenska hluta tímaritsins. Þau tímamót urðu einnig á árinu að síðustu prentuðu eintök ritsins litu dagsins ljós, en frá árinu 2018 mun tímaritið einungis koma út rafrænt.




Forsíða 1. tölublaðs Nordisk Arkivnyt 2017.




Afmælissýning var sett upp í Safnahúsinu í tilefni af 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns.

## NorDig

Þjóðskjalasöfn Norðurlandanna, þ.e. frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Íslandi standa fyrir sameiginlegri ráðstefnu um varðveislu rafrænna gagna á þriggja ára fresti sem nefnist NorDig. Árið 2017 sá Ríkisskjalasafn Svíþjóðar um að skipuleggja ráðstefnuna og var hún að þessu sinni haldin í Stokkhólmi. Þó að Norðurlöndin fari mismunandi leiðir í varðveislu rafrænna gagna eru ýmislegt sameiginlegt og hægt að læra hvort af öðru. Flutt voru erindi um varðveislu rafrænna gagna, t.d. var fjallað um aðferðafræðina, varðveislu á gagnakerfum og vefjum, grisjun á rafrænum gögnum og eftirlit. Einnig var fjallað um lýsigögn, rafrænar undirskriftir, skráarsnið og stafvæðingu. Nokkur erindi fjölluðu um prófunartólin til að prófa rafrænar afhendingar og annan hugbúnað sem þarf við varðveislu rafrænna gagna. Jafnframt var fjallað um E-ARK verkefnið sem var Evrópuverkefni í varðveislu rafrænna gagna en tvær Norðurlandaþjóðir tóku þátt í verkefninu. Fundarmenn miðluðu af reynslu sinni og var rætt um ýmis málefni hverju sinni.

## Nordisk Arkivportal

Samstarf norrænnu ríkisskjalasafnanna á sér langa sögu. Það hófst á fjórða áratug 20. aldar og hefur þróast og styrkst síðan og er nú eins og þétt og vel riðið net samstarfs um miðlun þekkingar, miðlun heimilda og einstakra verkefna á sviði stafænnar vörslu, svo dæmi séu tekin.

Tillaga þjóðskjalavarðar um að búa til sameiginlegan vef fyrir norrænu ríkisskjalasöfnin var samþykkt 2012 á samstarfsfundi ríkisskjalavarða. Síðan hefur verið unnið að hönnun vefsins og í tvígang hafa norrænir sjóðir styrkt verkefnið (Kulturkontakt Nord).

Markmið Nordisk Arkivportal er að stuðla að frekari styrkingu og þróun samstarfs skjalasafna á Norðurlöndum. Vefurinn á að stuðla að auknu samstarfi, miðlun upplýsinga og þekkingar þvert á stofnanir. Vefurinn mun hýsa öll samstarfsverkefni safnanna þannig að þau verði sýnileg og aðgengileg á einum stað, starfsfólki skjalasafnanna og notendum þeirra til gagns og gamans. Þar verður hægt að fylgjast með því sem er á döfinni, næstu ráðstefnu eða námskeiði og mörgum fleiru.

| Heimild mánaðarins 2017 | | | |
|---|---|---|---|
| Mánuður | Höfundur texta | Titill | Tímabil |
| janúar | Benedikt Jónsson | Nóta Sæmundar Sveinssonar | 19. - 20. öld |
| febrúar | Þórunn Guðmundsdóttir | Voveiflegur dauðdagi Kristínar Sigurðardóttur | 18. öld |
| mars | Njörður Sigurðsson | 100 ára gömul ferðasaga söngfélagsins „17. júní“ | 20. öld |
| apríl | Jón Torfason | Bréf Magnúsar Stephensen um hvalarekstur á Akranesi | 19. öld |
| maí | Gísli Baldur Róbertsson | Reimleikar í Framnesi í Holtum veturinn 1767-1768 | 18. öld |
| júní | Unnar Rafn Ingvarsson | Heilsuhælið á Vífilsstöðum | 20. öld |
| júlí | Björk Ingimundardóttir | Athyglisvert Íslandskort frá upphafi 19. aldar | 19. öld |
| ágúst | Benedikt Jónsson | Umdeildur kirkjuflutningur | 20. öld |
| september | Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir | Tvær fornar leiðarlýsingar yfir Sprengisand | 18. öld |
| október | Gísli Baldur Róbertsson | Móðir skrifar syni sínum járnsmíðasveini í Kaupmannahöfn 1744 | 18. öld |
| nóvember | Árni Jóhannsson | Kjarnorkuvá í Keflavík? | 20. öld |
| desember | Jón Torfason | Messuskýrslur | 20. öld |

Nordisk Arkivnyt verður aðgengilegt á vefnum og einungis þar frá 1. janúar 2018. Þjóðskjalasafn Íslands hefur farið með verkefnisstjórn og 1. desember 2017 opnaði beta-gerð vefsins, www.nordiskarkivportal.org.

## Vefmiðlun

Stór þáttur í starfsemi Þjóðskjalasafns er miðlun efnis á vefjum safnsins. Þessi þáttur starfseminnar hefur aukist jöfnum höndum og á komandi árum mun miðlun safnsins aukast verulega vegna átaks í skönnun á skjölum safnsins. Langflestir notendur nýta sér aðalvef safnsins www.skjalasafn.is en á honum er einnig hægt að leita í skjalaskrám.

Manntalsvefurinn **www.manntal.is** er einnig vel nýttur jafn af fræðimönnum sem almennum notendum, en þar er hægt að afla sér upplýsinga úr 14 manntölum á árabilinu 1703 – 1920.

## Samfélagsmiðlar

Þjóðskjalasafnið hefur, eins og flestar aðrar stofnanir, nýtt sér samfélagsmiðla til að koma upplýsingum á framfæri. Hefur facebook reynst vel til að auglýsa viðburði sem safnið stendur fyrir og til að miðla margvíslegu efni og fræðslu. Undir lok árs 2017 voru um 2.680 manns sem fylgdust reglulega með því sem safnið hefur fram að færa á facebook. Á sama hátt hafa aðrir samfélagsmiðlar svo sem youtube og twitter verið nýttir. Eins og áður er getið hafa verið gerð sérstök myndbönd um skjalavörslu og frágang skjalasafna, en einnig hafa fyrirlestrar verið teknir upp og gerðir aðgengilegir á youtube.

Vinsælasta efnið að jafnaði sem miðlað hefur verið er svokölluð Heimild mánaðarins. Þar láta starfsmenn gamminn geysa og fjalla um einstaka heimild, eða heimildaflokk og hafa þær færslur oft á tíðum verið mikið lesnar.

# 8.

## HEIMSÓKN MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Kristján Þór Júlíusson tók við embætti mennta- og menningarmálaráðherra þann 11. janúar 2017. Þann 26. janúar 2017 þáði ráðherrann boð þjóðskjalavarðar og kom í heimsókn til Þjóðskjalasafns Íslands til að kynna sér starfsemi safnsins, skoða húsnæði þess og hitta starfsfólk. Í tilefni heimsóknarinnar fékk ráðherra að gjöf sérhannaða grillsvuntu með áprentaðri mynd úr manntalinu 1703, þar sem koma fram upplýsingar um forfeður ráðherrans.



Þjóðskjalavörður sýnir Kristjáni Þór Júlíussyni menntamálaráðherra skjöl.

# 9.

# HÉRAÐSSKJALASÖFN

## Eftirlitskönnun með rekstri héraðsskjalasafna

Eitt hlutverka Þjóðskjalasafns er að hafa eftirlit með þeim héraðsskjalasöfnum sem starfandi eru í landinu. Héraðsskjalasöfnin eru nú 20 talsins en alls eru 54 sveitarfélög aðilar að héraðsskjalasafni. Þau 20 sveitarfélög, sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni, afhenda skjöl sín til Þjóðskjalasafns og heyrir eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn þeirra beint undir safnið.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur einu sinni áður kannað með skipulegum hætti rekstur héraðsskjalasafna. Það var gert árið 2008 og var skýrsla gefin út sama ár. Á fyrri hluta árs 2017 var rafræn könnun um rekstur héraðsskjalasafna send á öll héraðsskjalasöfnin og var markmiðið að fá stöðu á rekstri héraðsskjalasafna í kjölfar laga um opinber skjalasöfn sem sett voru árið 2014. Með þeim lögum sköpuðust nýjar aðstæður fyrir opinber skjalasöfn og auknar kröfur voru gerðar til þeirra. Þjóðskjalasafni, sem framkvæmdaaðila opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar, er skylt að hafa eftirlit með því að héraðsskjalasöfn starfi í samræmi við lögin.

Við gerð spurningalista könnunarinnar var horft til laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglna sem settar hafa verið á grundvelli laganna, núgildandi reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og úttektar á starfsemi héraðsskjalasafna árið 2008. Þá var leitað samráðs við Samráðshóp opinberra skjalasafna en í honum sátu þrír héraðsskjalaverðir og tveir fulltrúar frá Þjóðskjalasafni. Auk þess var leitað sérstaklega ráða hjá héraðsskjalavörðum Árnesinga og Þingeyinga um hluta spurningalistans og í heild sinni. Þá var jafnframt leitað samráðs hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem fékk spurningalistann sendan í heild sinni.

Könnunin fór fram á tímabilinu 20. mars til 21. apríl 2017 og var hún gerð í gegnum könnunarkerfi á vefnum sem Þjóðskjalasafn hefur aðgang að. Öll héraðsskjalasöfnin svöruðu könnuninni og því var svarhlutfall 100%. Á árinu 2018 verður unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og skýrslur um starfsemi hvers héraðsskjalasafns gefnar út auk skýrslu með heildarniðurstöðum.

## Styrkir til héraðsskjalasafna

Í fjárlögum ársins 2017 kemur fram að fjárveiting til héraðsskjalasafna er kr. 30.3 m.kr. Þar af er rekstrarframlag kr. 14.700.000 og verkefnastyrkur kr. 15.600.000.

Beint rekstrarframlag ríkisins til héraðsskjalasafna skiptist þannig að helmingur framlagsins skiptist jafnt á öll söfnin 20. Hinn helmingurinn skiptist jafnt á milli þeirra héraðsskjalasafna sem hafa heilt stöðugildi eða meira. Rekstrarframlagið er greitt í fjórum greiðslum, um miðjan febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. október.

Frá áramótum 2016 var Þjóðskjalasafni Íslands með fjárlögum falið nýtt úthlutunarverkefni, að úthluta til héraðsskjalasafna verkefnastyrkjum til skönnunar og miðlunar valinna skjalaflokka. Safnið skipulagði verkefnið með því að setja reglur og almenna skilmála um styrkveitingar og útbjó rafrænt umsóknareyðublað. Við úthlutun styrkja árið 2017 höfðu umsóknir um skönnun og miðlun skjala sem eru frá því fyrir 1930 forgang við úthlutun.

Af þeim 14 umsóknum sem bárust frá 9 héraðsskjalasöfnun voru 9 umsóknir samþykktar.

## Samstarf opinberra skjalasafna

Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, hafa með sér ýmis konar samstarf. Má þar m.a. nefna að sérstakur samráðshópur opinberra skjalasafna hefur starfað frá árinu 2016 en hann er vettvangur til að ræða sameiginleg hagsmunamál opinberra skjalasafna á landinu. Meðal fastra verkefna samráðshópsins er að undirbúa ár-

legan fund Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna, en einnig að vinna að öðrum verkefnum, sem snerta söfnin öll. Í samráðshópnum sitja þrír fulltrúar héraðsskjalasafna og tveir fulltrúar Þjóðskjalasafns Íslands. Samráðshópurinn hélt fjóra fundi á árinu 2017.

Árlegur fundur opinberra skjalasafna var haldinn 27. – 28. mars. Á fundinum var m.a. rætt um sameiginleg hagsmunamál, s.s. eftirlitskönnun, nýja persónuverndarlöggjöf, varðveislu gagna í stjórnsýslunni, reglusetningu og söfnun tölfræðiupplýsinga.

## Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns

Á haustmánuðum 2014 var hafist handa við að endurskoða reglur, reglugerðir og leiðbeiningar í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn sem tóku gildi þá um vorið. Í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur verið unnið að endurskoðun reglna og gerð nýrra reglna um skjalastjórn og skjalavörslu afhendingarskyldra aðila. Hluti af þessu endurskoðunarferli er endurskoðun á reglugerð um héraðsskjalasöfn. Bráðabirgðaákvæði í lögum um opinber skjalasöfn heimilar sveitarfélögum og byggðasamlögum rekstur héraðsskjalasafns án þess að hafa fengið útgefið rekstrarleyfi í þrjú ár frá því

**Styrkir til héraðsskjalasafna vegna skönnunar og miðlunar**

| Verkefnastyrkur 2017 | Verkefni | Upphæð |
|---|---|---:|
| Borgarskjalasafn Reykjavíkur | Ljósmyndun og miðlun elstu skjala Borgarskjalasafns, framhaldsverkefni | 2.500.000 |
| Borgarskjalasafn Reykjavíkur | Ljósmyndun á elstu landakortum sem varðveitt eru á Borgarskjalasafni | 750.000 |
| Héraðsskjalasafn Austfirðinga | Stafræn afritun hreppsbóka á Austurlandi | 2.750.000 |
| Héraðsskjalasafn Árnesinga | Gjörðabækur sveitarfélaga | 1.500.000 |
| Héraðsskjalasafn Árnesinga<br>Héraðsskjalasafnið á Akureyri<br>Héraðsskjalasafn S-Þingeyinga | Sameiginleg umsókn frá þremur söfnum - Þróun á vefviðmóti - Miðlun skjala á vef | 2.500.000 |
| Héraðsskjalasafn Skagfirðinga | Stafræn afritun elstu hreppagagna Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. I. áfangi. | 1.500.000 |
| Héraðsskjalasafn V-Húnvetninga | Ljósmyndun og miðlun hreppsgagna Kirkjuhvammshrepps. Samvinnuverkefni héraðsskjalasafna á Norðurlandi vestra | 700.000 |
| Héraðsskjalasafn Þingeyinga | Styrkur til að ljósmynda elstu gjörðabækur sveitarstjórna á starfsvæði sínu. Miðað er við að ljósmynda bækur frá því fyrir 1930. | 1.300.000 |
| Héraðsskjalasafnið á Akureyri | Miðlun á safnefni fyrir 1930 | 2.100.000 |
| | | Samtals: 15.600.000 |

að reglugerð ráðherra tekur gildi. Að þeim tíma liðnum þurfa öll starfandi héraðsskjalasöfn að hafa fengið endurnýjað starfsleyfi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir því að Þjóðskjalasafn Íslands mótaði tillögu að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna. Drög að reglugerð voru unnin í Þjóðskjalasafni og send ráðuneytinu til skoðunar 19. febrúar 2016. Í byrjun árs 2017 sendi mennta- og menningarmálaráðuneytið drögin til baka með athugasemdum og var í kjölfarið unnið úr þeim í Þjóðskjalasafni. Í apríl 2017 voru drögin tilbúin í umsagnarferli. Þann 8. maí 2017 sendi Þjóðskjalasafn Íslands, að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns í sjálfstætt umsagnarferli hjá héraðsskjalasöfnum, sveitarfélögum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Alls fengu þannig 95 aðilar drögin til umsagnar.

Þjóðskjalasafn hélt kynningarfund um drögin 15. maí og var öllum aðilum sem fengu drögin send boð á fundinn. Fundurinn var jafnframt sendur út í gegnum vefinn og voru þátttakendur á fundinum um 40. Frestur til að senda inn umsagnir var auglýstur til 16. júní 2017. Frá nokkrum aðilum bárust óskir um framlengdan umsagnarfrest og var hann veittur til 23. júní 2017.

Samtals bárust 19 umsagnir frá 44 aðilum. Umsagnir bárust frá öllum 20 héraðsskjalasöfnunum en að baki þeim standa 54 sveitarfélög. 20 sveitarfélög, eða stofnanir þeirra aðrar en héraðsskjalasöfn, sendu einnig inn umsagnir. Engin umsögn barst frá þeim 20 sveitarfélögum sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni. Í umsögnunum 19 voru alls 251 athugasemd við reglugerðardrögin, margar þær sömu. Þjóðskjalasafn lagði mat á allar umsagnirnar, brást við þeim, gerði breytingar á reglugerðardrögunum eftir því sem við átti og sendi tillögu að reglugerð til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í nóvember 2017. Málið er því hjá ráðherra og mun hann setja nýja reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns lögum samkvæmt.

## Verkefni á Ísafirði

Á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar í apríl 2011 hefur Héraðsskjalasafninu á Ísafirði verið falið að vinna skráningarverkefni fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Um er að ræða framhald á skráningarverkefni sem komið var á fót árin 2007 og 2008 í sérstöku átaki gegn atvinnuleysi. Verkefnið á Ísafirði er hið eina sem enn er starfrækt. Beint framlag ríkisins til verkefnisins árið 2017 var kr. 6,1 m.kr. Á árinu unnu fjórir einstaklingar í hlutastarfi við skráningar á upplýsingum í sóknarmanntölum fyrir Þjóðskjalasafn og skiluðu um einu ársverki. Skráningarnar birtast á vefnum http://salnaregistur.manntal.is/.



# 10.

## KENNSLA Í SKJALFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Skjalfræði er námsleið sem er í boði sem aukagrein í sagnfræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Umsjón með náminu og kennsla er í höndum Kristjönu Kristinsdóttur lektors í skjalfræði við HÍ og skjalavarðar hjá Þjóðskjalasafni. Kennslan fer fram í húsakynnum Þjóðskjalasafns. Auk Kristjönu er Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs fastur stundakennari í námskeiðinu: *Skjalavarsla á 21. öld*. Fleiri starfsmenn Þjóðskjalasafns hafa einnig aðkomu að kennslunni.

### Fjögur námskeið voru kennd á árinu:

- *Skjalasöfn og skjalavarsla*, grunnnámskeið.
- *Skjalavarsla á 21. öld.*
- *Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni*, en námskeiðið felur í sér daglega viðveru nemenda í tvær til þrjár vikur á safninu þar sem þeir njóta leiðsagnar kennara og starfsmanna safnsins.
- *Hagnýtt verkefni í skjalfræði*, en það námskeið felur í sér raunhæft verkefni á opinberu skjalasafni.

Nemendur í skjalfræði eru á öllum aldri og sumir með reynslu úr atvinnulífinu. Þeir setja svip sinn á starfsemi safnsins og starfsmenn Þjóðskjalasafns fá með þátttöku sinni í fræðslunni þjálfun í leiðsögn og miðlun á daglegum verkefnum sínum.



# 11.

# ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Þjóðskjalasafn er þátttakandi í alþjóðlegu og norrænu samstarfi. Þjóðskjalavörður, skjalaverðir og aðrir sérfræðingar safnsins sækja fundi, ráðstefnur og málþing á ári hverju jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi. Árið 2017 var annasamt á þessum vettvangi eins og oft áður. Getið er um samstarf vegna ýmissa verkefna fyrr í skýrslunni en hér eru nefnd önnur helstu verkefni ársins.

## Fundir ríkisskjalavarða Norðurlanda

Fundur norrænu ríkisskjalavarðanna og sviðsstjóra safnanna var haldinn 21. – 23. maí síðastliðinn að Leirubakka í Landsveit. Þetta var í fyrsta sinn sem ríkisskjalaverðir og sviðsstjórar funda saman. Tilgangurinn er að fleiri fjalli um eðli og inntak hins norræna samstarfs og taki þátt í að móta það.

Alls sátu 15 stjórnendur fundinn sem stóð í tvo daga. Hluta fundartímans sátu ríkisskjalaverðir yfir sínum sérmálum og á sama tíma gerðu sviðsstjórar það sama. Mestan part sátu menn þó saman og þinguðu um sameiginleg verkefni og ný sóknarfæri í framtíðarsamstarfi.

Fundurinn heppnaðist vel og er líklegt að þetta fyrsta skipti verði fyrirmynd þess sem koma skal.



Fundarmenn fóru í skoðunarferð um nágrenni Leirubakka. Hér er hópurinn við sögualdarbæinn í Þjórsárdal.

## Ráðstefna Alþjóða skjalaráðsins ICA í Mexíkóborg

Alþjóða skjalaráðið (International Council on Archives – ICA) heldur árlega ráðstefnur. Árið 2017 var ráðstefnan haldin í Mexíkóborg í Mexíkó. Ráðstefnan fór fram 27. – 29. nóvember og bar yfirskriftina *Archives, Citizenship and Interculturalism*. Hana sóttu þrír fulltrúar Þjóðskjalasafns, Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri og Eiríkur G. Guðmundsson, þjóðskjalavörður. Þjóðskjalavörður sótti ársfund samtakanna og ársfund samtaka þjóðskjalavarða.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs, flutti erindi á ráðstefnunni sem nefndist „Original culture, indentity and archives in Iceland.“ Erindið var hluti málstofu sem nefndist Archives and World Original Cultures. Auk þess sótti Njörður fund sérfræðihóps um sameiginlega skjalaarfleið (Expert Group on Shared Archival Heritage) sem hann fer með formennsku í og kynnti sérfræðihópinn á sérstakri málstofu um sérfræðihópa Alþjóða skjalaráðsins.




Njörður Sigurðsson flytur erindi sitt á ráðstefnu ICA.

## Alþjóðleg athygli

Snemma árs barst fyrirspurn frá bandarísku sjónvarpsstöðinni CNBC um hvort hægt væri að sækja safnið heim og fræðast um ættfræðiheimildir sem safnið varðveitir. Stöðin var jafnframt að fjalla um starfsemi DeCode á sviði erfðarannsókna og vildi kynna sér þann grunn sem ættfræðigrunnurinn Íslendingabók byggir á. Í aprílmánuði kom þriggja manna fréttateymi og átti viðtal við þjóðskjalavörð, kynnti sér ættfræðiheimildir og myndaði. Í kjölfarið birtust tvær fréttir á stöðinni þar sem Þjóðskjalasafn kom við sögu.

## Vestnorrænir skjaladagar

Dagana 29. – 31. ágúst voru haldnir Vestnorrænir skjaladagar í boði Þjóðskjalasafns Íslands. Um ráðstefnu var að ræða þar sem rædd voru fjölmörg mál sem snertu starfsemi safnanna. Þar á meðal rafræn skjalavarsla og rafræn miðlun safnkostsins, söfnunarstefna, meðferð trúnaðargagna og notendaþjónusta. Þátttakendur voru frá Landsskjalasafninu í Færeyjum og Grænlandi auk heimamanna í



Teymið frá fréttastofunni CNBC ásamt þjóðskjalaverði Eiríki G. Guðmundssyni.



Benedikt Eyþórsson skjalavörður stýrir málstofu um aðgengi að skjalasöfnum.

Þjóðskjalasafni og starfsfólks héraðsskjalasafna. Alls voru skráðir 39 þátttakendur. Mál manna var að vel hefði til tekist og Vestnorrænu skjaladagarnir hefðu sannað gildi sitt.

## Formennska í sérfræðihópi Alþjóða skjalaráðsins

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs, hefur frá árinu 2016 leitt sérfræðihóp Alþjóða skjalaráðsins (International Council on Archives) um sameiginlega skjalaarfleið (Expert Group on Shared Archival Heritage). Verkefni sérfræðihópsins eru að skapa vettvang til umræðu og úrlausn vandamála og ágreinings um skjalasöfn sem tengjast fleiri en einu samfélagi, ríki eða svæði þar sem eignarhald og aðgangur er óviss eða í ágreiningi. Slíkt ástand hefur í gegnum tíðina skapast af stríðsástandi, hersetu og stofnun nýrra ríkja eða öðrum atburðum í sögunni. Dæmi um slík mál sem Íslendingar þekkja vel var krafa um að fá skjöl og handrit er vörðuðu Ísland og íslenska sögu frá Danmörku til Íslands á síðustu öld. Þá má nefna að margar fyrrum nýlendur heimsins hafa gert kröfur um skjalaskil eða að fá aðgengi að heimildum um sína eigin sögu sem varðveittar eru í skjölum í löndum fyrrum nýlenduvelda. Mörgum ágreiningsmálum hefur verið lokið með milliríkjasamningum á meðan önnur eru enn óleyst. Í sérfræðihópnum eiga sæti sérfræðingar af skjalasöfnum og úr háskólasamfélaginu frá Kenía, Sádí-Arabíu, Bandaríkjunum, Hollandi, Trindad og Tobago, Bretlandi og Króatíu auk Íslands.

Á fundi sérfræðihópsins í Mexíkóborg sem fram fór 26. nóvember 2017 var ákveðið að hrinda af stað tveimur verkefnum. Annars vegar var ákveðið að gera könnun á heimsvísu til að kortleggja sameiginlega skjalaarfleið í heiminum, hvar ágreiningur er um skjalasöfn og hvers eðlis ágreiningurinn er. Með því er ætlunin að fá yfirlit yfir hvernig staða þessara mál er svo unnt sé í framhaldinu að forgangsraða hvernig skuli taka á verkefninu. Hins vegar var ákveðið í samstarfi við Evrópudeild Alþjóða skjalaráðsins (European Regional Branch – EURBICA) að vinna að útgáfu á rannsóknum um sameiginlega skjalaarfleið í tímariti Alþjóða skjalaráðsins, *Comma*. Þessum verkefnum verður hrint í framkvæmd á árunum 2018-2019.

Í tengslum við formennsku í sérfræðihópnum flutti Njörður einnig aðalfyrirlestur á lítilli ráðstefnu á vegum The Association of Commonwealth Archivists and Records Managers (ACARM) í Rabat á Möltu þann 27. október 2017 og nefndist ráðstefnan *Imaging Imperialism*.



Njörður Sigurðsson leiðir gesti á Vestnorrænum skjaladögum í skjalageymslur safnsins.



Þátttakendur á málstofu sérfræðinga um persónuverndarmál í ríkisskjalasöfnum Norðurlanda.

## Norræn málstofa í Kaupmannahöfn

Liður í samstarfi Ríkisskjalasafna á Norðurlöndum er að halda einu sinni eða tvisvar á ári málstofu til þess að bera saman bækur um málefni sem ofarlega fara á vettvangi safnanna. Ein slík málstofa (ekspertseminar) um persónuverndarlög, vörslu og notkun persónuuppplýsinga í skjalasöfnum var haldin í ríkisskjalasafni Danmerkur í Kaupmannahöfn 31. október – 1. nóvember 2017.
Af hálfu Þjóðskjalasafns tóku þátt Benedikt Eyþórsson, skjalavörður og Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður. Benedikt flutti erindið „Benyttelse af personoplysninger i arkiverne – praksis i Island.“ Eiríkur flutti erindin „Bevaringskriterier for arkivalier med personoplysninger i Island.“ og „Historisk forskning og privatliv: The right to be forgotten/ The Duty to Remeber.“ Málstofur af þessu tagi eru afar gagnlegur samráðsvettvangur.

# VIÐAUKAR

# VIÐAUKI 1

## Starfsfólk Þjóðskjalasafns 1. desember 2017

| | |
|---|---|
| Anna Elínborg Gunnarsdóttir | Fjármálastjóri |
| Arna Matthildur Eggertsdóttir | Skjalastjóri |
| Árni Jóhannsson | Skjalavörður |
| Benedikt Eyþórsson | Skjalavörður |
| Benedikt Jónsson | Vefstjóri |
| Bjarni Þórðarson | Húsnæðisstjóri |
| Brjánn Fransson | Kerfisstjóri |
| Edvard Kristinn Guðjónsson | Starfsmaður við skjalafrágang |
| Eiríkur G. Guðmundsson | Þjóðskjalavörður |
| Embla Valberg | Starfsmaður við skjalafrágang |
| Garðar Kristinsson | Skjalavörður |
| Gísli Baldur Róbertsson | Skjalavörður |
| Gunnar Örn Hannesson | Skjalavörður |
| Heiðar Lind Hansson | Sérfræðingur |
| Helga Hlín Bjarnadóttir | Salvörður |
| Helga Jóna Eiríksdóttir | Skjalavörður |
| Helga Lilja Bergmann | Móttökuritari |
| Helga Margrét Reinhardsdóttir | Salvörður/Móttökuritari |
| Hrefna Róbertsdóttir | Sviðsstjóri |
| Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir | Skjalavörður |
| Jón Torfason | Skjalavörður |
| Karen Þóra Sigurkarlsdóttir | Forvörður |
| Kristinn Valdimarsson | Sérfræðingur |
| Kristjana Kristinsdóttir | Skjalavörður og lektor í skjalfræði |
| Kristjana Vigdís Ingvadóttir | Starfsmaður á lestrarsal |
| Logi Sigmundsson | Salvörður |
| Njörður Sigurðsson | Sviðsstjóri |
| Olga Dagmar Erlendsdóttir | Sérfræðingur |
| Ólafur Arnar Sveinsson | Sérfræðingur |
| Ólafur Valdimar Ómarsson | Starfsmaður við skjalafrágang |
| Sigríður Andrea Ásgeirsdóttir | Skjalavörður |
| Steinunn Steinþórsdóttir | Starfsmaður við skjalafrágang |
| Unnar Rafn Ingvarsson | Sérfræðingur |
| Yngvi Leifsson | Sérfræðingur |
| Þórunn Guðmundsdóttir | Sérfræðingur |

# VIÐAUKI 2

## Afhendingar 2017

| Afh.nr. | Heiti afhendingar | Afhendingaraðli | HM / GB | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Skógarbær | Skógarbær, hjúkrunarheimili | 5,00 | 1997 | 2016 |
| 2 | Ríkisspítalar | Landspítali Háskólasjúkrahús - Heilbrigðisvísindabókasafn | 5,00 | 1919 | 1996 |
| 3 | Lánasjóður íslenskra námsmanna | Lánasjóður íslenskra námsmanna | 37,60 | 1954 | 1959 |
| 4 | Sögufélag | - | 0,08 | 1914 | 1918 |
| 5 | Gjaldþrot / Þrotabú | Megin lögmannsstofa | 1,00 | | |
| 6 | Frímerkjasala Íslandspósts | Frímerkjasala Íslandspósts | 0,70 | 2016 | 2016 |
| 7 | Brunamálastofnun ríkisins | Mannvirkjastofnun | 28,00 | 1965 | 2010 |
| 8 | Gjaldþrot / Þrotabú | Lögmannsstofa Jóhannesar Ásgeirssonar hrl. | 11,00 | 2004 | 2015 |
| 9 | Gjaldþrot / Þrotabú | Forum lögmenn | 1,00 | 2010 | 2013 |
| 10 | Sigríður Oddsdóttir (1897-1983), listmálari og Valdimar Lúðvík Dagbjartsson (1899-1979), sjómaður | Björk Vilhelmsdóttir | 0,01 | 1951 | 1960 |
| 11 | Gjaldþrot / Þrotabú | Lögmenn Lækjargötu ehf | 0,27 | 2014 | 2016 |
| 12 | Ingibjörg Magnúsdóttir (1921-1993) húsmóðir og Hermann Þorsteinsson (1921-2014) framkvæmdastjóri | Helga Rakel Stefnisdóttir | 1,00 | 1852 | 2005 |
| 13 | Magnús Gíslason (1881-1958), skósmiður | Helga Rakel Stefnisdóttir | 0,30 | 1908 | 1958 |
| 14 | Sigurður Jónsson (1899-1979), byggingaverkfræðingur og forstjóri | Ragnar Sigurðsson | 1,00 | 1930 | 1968 |
| 15 | Landhelgisgæsla Íslands | Þjóðminjasafn Íslands | 0,50 | 1958 | 1985 |
| 16 | Indriði Waage (1902-1963) leikari | Þjóðminjasafn Íslands | 0,01 | 1858 | 1941 |
| 17 | Reykjavíkurflugvöllur | Þjóðminjasafn Íslands | 0,01 | 1960 | 1966 |
| 18 | Auður Vilhjálmsdóttir (1954-2002), innanhúsarkitekt | Sigurður Einarsson | 1,00 | | |
| 19 | Birgir Thorlacius (1913-2001), ráðuneytisstjóri | Kristján Thorlacius | 0,05 | 1904 | 1918 |

| Afh.nr. | Heiti afhendingar | Afhendingaraðli | HM / GB | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|
| 20 | Sæmundur Magnús Óskarsson (1915-1989), bóndi og Elín Guðrún Ingibjörg Ingimundardóttir (1914-1984) húsfreyja / Stefán E. Sigurðsson (1921-2003), útvarpsvirki | Guðmundur Arinbjörn Sæmundsson | 0,01 | 1947 | 1949 |
| 21 | Kristín Ágústdóttir (1927-2015) | Guðmundur Arinbjörn Sæmundsson | 0,08 | 1984 | 1990 |
| 22 | Eyjólfur Jóhannsson (1895-1959) forstjóri / Blóm og ávextir / Akur hf / Hafnarhvoll hf / Sparisjóður Mjólkurfélags Reykjavíkur / Mjólkurfélag Reykjavíkur | Fríða Valdimarsdóttir | 0,80 | 1907 | 2000 |
| 23 | Reynivallaprestakall, Kjalarnesprófastsdæmi | Gunnar Kristjánsson | 0,50 | 2000 | 2016 |
| 24 | Kálfafellstaðarprestakall | Sigurður Kr. Sigurðsson | 2,50 | 1981 | 2011 |
| 25 | Bjarnanessprestakall, Skaftafellsprófastdæmi | Sigurður Kr. Sigurðsson | 0,25 | 2000 | 2013 |
| 26 | Náttúruvernd ríkisins | Umhverfisstofnun | 8,16 | 1997 | 2002 |
| 27 | Æðarræktarfélag Íslands | Guðrún Gauksdóttir | 3,00 | 1680 | 2015 |
| 28 | Sendiráð Íslands í London | Utanríkisráðuneyti | 2,00 | 1940 | 1998 |
| 29 | Jón Bjarman (1933-2011) prestur | Páll Jónsson | 0,24 | 1958 | 2001 |
| 30 | Jónas Pálsson (1922-2014), rektor | Kristín Indriðadóttir | 4,00 | 1937 | 2010 |
| 31 | Gjaldþrot / Þrotabú | Advel lögmenn slf. | 0,50 | 2016 | 2017 |
| 32 | Ragnhildur Halldórsdóttir Skeoch (1919-2015) húsmóðir | Guðrún Helga Teitsdóttir | 1,00 | 1940 | 2015 |
| 33 | Landhelgisgæsla Íslands | Kristján Þ. Jónsson | 0,08 | 1926 | 1928 |
| 34 | Sighvatur Björgvinsson (1942) alþingismaður og ráðherra | Sighvatur Björgvinsson | 1,50 | 1954 | 2017 |
| 35 | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | Már Pétursson hrl | 0,05 | 1977 | 1994 |
| 36 | Halldór Pálsson (1911-1984) búnaðarmálastjóri | Már Pétursson hrl | 0,64 | 1912 | 2011 |
| 37 | Hulda Pálsdóttir (1908-1995) húsmóðir, Höllustöðum | Már Pétursson hrl | 0,20 | 1926 | 2008 |
| 38 | Benjamín Kristjánsson (1901-1987) prestur | Þóra Björk Kristinsdóttir | 1,00 | 1557 | 1979 |
| 39 | Ingimundur Magnússon (1716-eftir 1790) bóndi | Áslaug Stephensen | 0,01 | 1758 | 1758 |
| 40 | Ormar Þór Guðmundsson (1935-) arkitekt | Ormar Þór Guðmundsson | 1,00 | 1955 | 2008 |

| Afh.nr. | Heiti afhendingar | Afhendingaraðli | HM / GB | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|
| 41 | Menntamálaráðuneytið | Mennta- og menningarmála-ráðuneytið | 28,50 | 1883 | 2003 |
| 42 | Alþýðublaðið / Bókmennta-félag jafnaðarmanna / Samband Alþýðuflokkskvenna | Ásgeir Jóhannesson | 0,05 | 1935 | 2016 |
| 43 | Rannsóknarnefnd Alþingis um þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. | Alþingi | 1,50 | 2016 | 2017 |
| 44 | Tryggvi Gunnarsson (1835-1917) bankastjóri | Seðlabanki Íslands | 0,40 | 1861 | 1914 |
| 45 | Árni Finnbjörnsson (1921 - 2005) ræðismaður og framkvæmdastjóri | Erna Karen Þórarinsdóttir | 0,50 | 1876 | 1993 |
| 46 | Sveinn Indriðason (1927) fram-kvæmdastjóri | Sveinn Indriðason | 0,08 | 1956 | 2016 |
| 47 | Nes skipafélag | Helgi Þórisson | 5,00 | | |
| 48 | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | 31,54 | 1953 | 2014 |
| 49 | Eyvindur Garðar Friðgeirsson (1929-2013) verkamaður | Guðrún Friðgeirsdóttir | 0,01 | 1919 | 1919 |
| 50 | Kjaradómur | Fjármála- og efnahagsráðu-neytið | 7,00 | 1960 | 2005 |
| 51 | Daníel Halldórsson (1820-1908) prestur / Laugarnesskóli / Óskar J. Magnússon (1900-1976) kaupmaður | Sæmundur Guðmundsson | 0,04 | 1830 | 1947 |
| 52 | Askar Capital hf. | Forum lögmenn - Þorsteinn Einarsson hrl. | 20,00 | 2006 | 2017 |
| 53 | Páll B. Helgason (1938-2014) læknir | Gunnlaug Dröfn Pálsdóttir | 3,00 | 1940 | 2001 |
| 54 | Miðneshreppur | Sandgerðisbær | 3,68 | 1930 | 2009 |
| 55 | Ríkisútvarpið | Ríkisútvarpið | 6,50 | 1930 | 1993 |
| 56 | Sýslumaðurinn í Kópavogi | Sýslumaðurinn á höfuðborgar-svæðinu | 150,00 | 1955 | 2009 |
| 57 | Sýslumaðurinn á Selfossi | Sýslumaðurinn Suðurlandi | 20,00 | 1992 | 2009 |
| 58 | Fjármálaráðuneytið | Fjármála- og efnahagsráðu-neytið | 100,00 | 1915 | 2005 |
| 59 | Sýslumaðurinn í Reykjavík | Sýslumaðurinn á höfuðborgar-svæðinu | 30,00 | 1929 | 1999 |
| 60 | Jóhanna Kristjónsdóttir (1940-2017) blaðamaður og rithöfundur | Elísabet Jökulsdóttir | 0,50 | 1953 | 2016 |
| 61 | Gjaldþrot / Þrotabú | Opus lögmenn | 6,50 | 2011 | 2015 |

| Afh.nr. | Heiti afhendingar | Afhendingaraðli | HM / GB | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|
| 62 | Loftur Guttormsson (1938-2016) prófessor í sagnfræði | Hanna Kristín Stefánsdóttir | 18,00 | 1938 | 2016 |
| 63 | Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra | Sveitarfélagið Skagafjörður | 1,04 | 1980 | 2001 |
| 64 | Tómas Árni Jónasson (1923-2016) læknir | Haukur Tómasson | 1,00 | 1959 | 1992 |
| 65 | Jóhann S. Hannesson (1919-1983) kennari og skólameistari og Lucy Winston (1920-1987) kennari | Lucy Winston Jóhannsdóttir | 0,80 | 1923 | 1990 |
| 66 | Árneshreppur | Guðlaugur Gíslason | 0,03 | 1914 | 1925 |
| 67 | Skömmtunarstjóri ríkisins | Idex ehf. | 0,01 | 1948 | 1948 |
| 68 | Bessastaðahreppur | - | 0,08 | 1889 | 1969 |
| 69 | Íslandspóstur | Íslandspóstur | 3,30 | 1894 | 2017 |
| 70 | Mjólkurfræðingafélag Íslands | Mjólkurfræðingafélag Íslands | 0,16 | 1945 | 1993 |
| 71 | Jón Þorláksson (1877-1935) alþingismaður og ráðherra | Hannes Hólmsteinn Gissurarson | 1,50 | 1897 | 1991 |
| 72 | Kaupfélagið Ingólfur, Sandgerði | Sandgerðisbær | 0,05 | 1946 | 1975 |
| 73 | Fiskiðjuverið hf. | Sandgerðisbær | 0,05 | 1960 | 1962 |
| 74 | Bílstjóradeild Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps | Sandgerðisbær | 0,05 | 1949 | 1951 |
| 75 | Stúkan Dagrenning | Sandgerðisbær | 0,05 | 1921 | 1967 |
| 76 | Tónlistarfélag Miðneshrepps | Sandgerðisbær | 0,05 | 1963 | 1985 |
| 77 | Karlakór Miðnesinga | Sandgerðisbær | 0,03 | 1951 | 1954 |
| 78 | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið | 2,00 | 1989 | 2001 |
| 79 | Jóna Herlaug Karlsdóttir (1934-), húsmóðir | Jóna Herlaug Karlsdóttir | 0,08 | 2016 | 2017 |
| 80 | Ásgeir S. Björnsson (1945-1989) lektor í íslensku | Kristín Indriðadóttir | 0,56 | 1974 | 1988 |
| 81 | Læknasetrið | Læknasetrið | 40 | - | - |
| 82 | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum | 32,00 | 1940 | 2014 |
| 83 | Menningarfélag íslenskrar æsku | Þórdís Árnadóttir | 0,01 | 1958 | 1958 |
| 84 | Féfang hf. | Ergo | 0,16 | 1985 | 1995 |
| 85 | Slysavarnafélagið Landsbjörg | Slysavarnarfélagið Landsbjörg | 0,40 | 1998 | 2001 |
| 86 | Þróunarsamvinnustofnun Íslands | Utanríkisráðuneyti | 27,00 | 1973 | 2017 |

| Afh.nr. | Heiti afhendingar | Afhendingaraðli | HM / GB | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|
| 87 | Gabríella Manberg (1862-1939) húsfreyja og verslunarkona / Sveinn Ólafsson (1861-1934) bóndi, járn- og trésmiður og Vilborg Einarsdóttir (1862-1962) húsfreyja | Sveinn Einarsson | 0,40 | 1855 | 1978 |
| 88 | Víkurprestakall, Skaftafellsprófastsdæmi | Haraldur M. Kristjánsson | 0,05 | 1989 | 2000 |
| 89 | Vöruhúsið | Steingrímur Jónsson | 0,06 | 1931 | 1953 |
| 90 | Launabókhaldsbók fyrir vinnuhóp | Steingrímur Jónsson | 0,03 | 1930 | 1953 |
| 91 | Gagnfræðiskóli Austurbæjar / Vörðuskóli | Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins | 0,01 | 1968 | 1977 |
| 92 | Unglingaheimili ríksins | Vantar | 0,10 | 1982 | 1987 |
| 93 | Gjaldþrot / Þrotabú | Lögmenn Laugavegi ehf | 0,43 | 2007 | 2011 |
| 94 | Möðruvallaklaustursprestakall, Eyjafjarðarprófastsdæmi | Magnús Gunnarsson | 0,04 | 1986 | 2012 |
| 95 | Gjaldþrot / Þrotabú | Mandat lögmannsstofa | 2,88 | 2003 | 2017 |
| 96 | Starfsmannaskrifstofa Fjármálaráðuneytisins | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | 11,00 | 1919 | 2009 |
| 97 | Bandalag íslenskra listamanna | Kolbrún Halldórsdóttir | 3,00 | 1991 | 2006 |
| 98 | Gjaldþrot / Þrotabú | Landslög | 2,50 | 2012 | 2016 |
| 99 | Vigdís Hallgrímsdóttir (1949) skrifstofumaður | Vigdís Hallgrímsdóttir | 0,50 | 1963 | 2015 |
| 100 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | 9,1 GB | 1989 | 1989 |
| 101 | Íslenska Suzukisambandið | Þórdís Stross | 1,20 | 1962 | 2015 |
| 102 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | 7,89 GB | 1990 | 1990 |
| 103 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | 9,8 GB | 1991 | 1991 |
| 104 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | 6,3 GB | 1992 | 1992 |
| 105 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | 6,3 GB | 1993 | 1993 |
| 106 | Fiskistofa | Fiskistofa | 8,4 GB | 1982 | 2017 |
| 107 | Verðlagsstofnun | Neytendastofa | 1,70 | 1973 | 2005 |
| 108 | Samkeppnisstofnun | Neytendastofa | 5,60 | 1991 | 2005 |
| 109 | Kópavogshæli | Forsætisráðuneytið | 0,05 | 1953 | 1966 |
| 110 | Fillipía Bjarnadóttir (1902-1967) húsfreyja | Kristín Norðfjörð, Þorvaldur Búason | 0,07 | 1926 | 1971 |
| 111 | Borgarhafnarhreppur, Austur-Skaftafellssýsla | Pétur Jónsson | 0,01 | 1945 | 1957 |
| 112 | Anna Sigríður Helgadóttir (1943-2017) sjúkraliði | Elísabet Hjaltested | 0,01 | 1944 | 1944 |
| 113 | Bjarni Vilhjálmsson (1915-1987) þjóðskjalavörður | Kristín Bjarnadóttir | 0,01 | 1982 | 1982 |

| Afh.nr. | Heiti afhendingar | Afhendingaraðli | HM / GB | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|
| 114 | Hannibal Valdimarsson (1903-1991) alþingismaður og ráherra | Ásgeir Jóhannesson | 0,01 | 1953 | 1953 |
| 115 | Dunganon foundation | Landsbókasavnið Føreyjum | 0,40 | - | - |
| 116 | Hanna Regína Guttormsdóttir (1951) | Þjóðminjasafn Íslands | 0,02 | 1963 | 1970 |
| 117 | Gjaldþrot/Þrotabú | Lögmannsstofan ehf | 11,00 | 2006 | 2014 |
| 118 | Bjargráðasjóður | Samband íslenskra sveitarfélaga | 17,00 | 1913 | 2009 |
| 119 | Gjaldþrot/Þrotabú | Mandat lögmannsstofa | 2,06 | 2002 | 2017 |
| 120 | Páll Skúlason (1940) lögfræðingur | Páll Skúlason hdl. | 0,08 | 1995 | 2010 |
| 121 | Þorgils Jónasson (1948) sagnfræðingur | Þorgils Jónasson | 0,20 | - | - |
| 122 | Kristín Sigurðardóttir (1962) tannlæknir | Kristín Sigurðardóttir | 0,50 | 1993 | 2014 |
| 123 | Reynir Björnsson (1933-1996) | Antikbúðin | 0,01 | 1959 | 1971 |
| 124 | Gísli Halldórsson (1914-2012) arkitekt | Leifur Gíslason | 3,00 | - | - |
| 125 | Laugarnesprestakall, Reykja-víkurprófastdæmi vestra | Biskupsstofa | 0,30 | 2000 | 2017 |
| 126 | Bjarnarnesprestakall, Skaftafellsprófastdæmi | Biskupsstofa | 0,03 | 2000 | 2017 |
| 127 | Magnús Richardsson (1901-1977) umdæmisstjóri Pósts- og síma | Þór Magnússon | 0,14 | - | - |
| 128 | Loftmyndir ehf. | Loftmyndir ehf. | 15,00 | 1996 | 2016 |
| 129 | Útlendingaeftirlitið | Útlendingastofnun | 0,08 | 1933 | 1996 |
| 130 | Erlingur Þorkelsson og Kristvarður Þorvarðsson | Margrét Sæmundsdóttir | 0,01 | 1914 | 1917 |
| 131 | Magnea Bergmann Franzdóttir (1927-2017) fornmunasali | Þórunn Magnea Magnúsdóttir | 0,08 | 1931 | 1994 |
| 132 | Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnulífsins (SRA) | Atvinnuvega- og nýsköpun-arráðuneytið | 12,00 | | |
| 133 | Lögregluskóli ríkisins | Dómsmálaráðuneytið | 45,00 | | |

| Afh.nr. | Heiti afhendingar | Afhendingaraðli | HM / GB | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|
| 134 | Ragnar Arinbjarnar (1929-1997) læknir og Guðmundur Ólafsson (1944-1999) læknir / Marinó P. Hafstein (1948) læknir / Guðmundur Ólafsson (1944-1999) læknir / Hafsteinn Ingvarsson (1932-2014) tannlæknir / Rögnvaldur Þorleifsson (1930-2014) læknir / Guðmundur B. Guðmundsson (1935) læknir / Stefán Steinsson (1958) geðlæknir / Loftur Ólafsson (1942-2005) tannlæknir / Eggert Jónsson (1950-2002) læknir / Björn Ragnarsson (1949) tannlæknir / Byrgið | Embætti Landlæknis | 122,00 | 1960 | 2017 |
| 135 | Ríkisféhirðir / Áfrýjunarnefnd samkeppnismála / Samgöngu- og iðnaðarráðuneytið | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | 26,00 | - | - |
| 136 | Byggingafræðingafélag Íslands | Rúnar Ingi Guðjónsson | 0,08 | 1967 | 2016 |
| 137 | Atli Jörundsson (1955-2007) vélstjóri | Steinar Örn Atlason | 0,01 | 1983 | 1983 |
| 138 | Gjaldþrot / Þrotabú | - | 0,50 | - | - |
| 139 | Einar Erlendsson og Erlendur Einarsson | Minjastofnun Íslands | 0,50 | - | - |
| 140 | Björn Grímsson (1891-1986) kaupmaður | Ragnheiður Þóra Grímsdóttir | 0,50 | 1940 | 1974 |
| 141 | Forseti Íslands / Fjármálaráðuneyti | - | 0,01 | - | - |
| 142 | Borgarahreyfingin / Hreyfingin | Margrét Tryggvadóttir | 0,32 | 2009 | 2013 |
| | | **Samtals hillumetrar af pappírsgögnum** | **950,75 m** | | |
| | | **Samtals gígabæt af rafrænum gögnum** | **47,79 gb** | | |

# VIÐAUKI 3

## Erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns:

**Árni Jóhannsson og Helga Jóna Eiríksdóttir,**

„Gengið í rétta átt. Niðurstöður könnunar á skjalastjórn og skjalavörslu ríkisins 2016". 20. október 2017.

„Kynning á vinnu tækninefndar Staðlaráðs Íslands um íslenska þýðingu á skjalastjórnunarstaðlinum". Félag um skjalastjórn. 7. desember 2017.

„Record management of the state 2016 – results from NAI surveillance survey, comparison and follow-up". Vestnordiske arkivdager, Reykjavík 2017.

**Benedikt Eyþórsson,**

„Benyttelse af personoplysninger i arkiverne – praksis i Island." Ekspertseminar i København 31. október – 1. nóvember 2017.

„Public Service – Successes and Shortcomings." Vesturnorrænir skjaladagar í Þjóðskjalasafni 29.-31. ágúst 2017.

**Benedikt Jónsson,**

„Manntöl og manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands." Ættfræðingafélagið 30. mars 2017.
„Increasing availability of online documents". Vesturnorrænir skjaladagar í Þjóðskjalasafni 29.-31. ágúst 2017.

**Eiríkur G. Guðmundsson,**

„Bevaringskriterier for arkivalier med personoplysninger i Island." Nordiskarkivakademi, København 31. október – 1. nóvember 2017.

„Historisk forskning og privatliv: The right to be forgotten/ The Duty to Remeber." Nordiskarkivakademi, København 31. október – 1. nóvember 2017.

**Helga Hlín Bjarnadóttir,**

„The courtbook database online." Vestnorrænir skjaladagar í Þjóðskjalasafni 29.-31. ágúst 2017.

**Hrefna Róbertsdóttir,**

„Monopoly or free trade? Attitudes and integration in the 18th century North Atlantic." Norrænt sagnfræðingaþing, Álaborg 16. ágúst 2017.

„Trade and Trading ports. Danish merchants and monopoly trade in the North Atlantic in the 17th and 18th centuries". Erindi á ráðstefnunni Colonialism and Commerce in the North Atlantic
1500-1800, Bifröst 17. október 2017.

**Kristjana Kristinsdóttir,**

„Skjalagerð hreppstjóra 17. til 19. aldar." Erindi á Hugvísindaþingi í mars 2017.

**Njörður Sigurðsson,**

„Original culture, indentity and archives in Iceland." Erindi á ráðstefnu International Council on Archives í Mexíkóborg í Mexíkó 27.-29. nóvember 2017.

„Sharing Archival Heritage." Aðalfyrirlestur á The Association of Commonwealth Archivists and Records Managers (ACARM) Symposium 'Imaging Imperialism' í Rabat á Möltu 27. október 2017.

„Með frelsisskrá í föðurhendi – um varðveislusögu íslensku stjórnarskránna." Erindi á tónlistar- og listahátíðinni Cycle í Gerðarsafni 22. september 2017.

„Shared archival heritage. New expert group of ICA." Erindi á Vestnorrænum skjaladögum í Reykjavík 29.-31. ágúst 2017.

„Labour archives in Iceland." Erindi á XXIII. Meeting of the Nordic Labour Archives and Libraries í Osló í Noregi 30.-31. mars 2017.

**S. Andrea Ásgeirsdóttir,**

„Implementation of digital preservation, what is the status and what are the challenges?”. Nordig 25.-26. október 2017.

**Unnar Ingvarsson,**

„Löggæsla á Íslandi á 19. öld. Um heimildir í Þjóðskjalasafni“. Safnanótt 3. febrúar 2017.

## Bækur, greinar og ritgerðir

**Benedikt Jónsson,**

„Nordisk arkivdag 2016“. *Nordisk Arkivnyt* 2017/1, bls. 30.

**Eiríkur G. Guðmundsson,**

„I anledning af en lille festlighed - – Islands Nationalarkiv 135 år.“ *Nordisk Arkivnyt* 2017/2, bls. 53-56.

„Nordisk Arkivportal og et digitalt Nordisk Arkivnyt.“ *Nordisk Arkivnyt* 2017/4. bls. 155-156.
*Manntalið 1703. Arfur okkar allra.* Reykjavík, 2017.

**Helga Jóna Eiríksdóttir,**

„Islands Nationalarkiv løser en forsømt opgave“. *Nordisk Arkivnyt* 2017/3, bls. 114-115.
*Þjóðskjalasafn Íslands sem eftirlitsstofnun.* MPA ritgerð í opinberri stjórnsýslu við HÍ. júní 2017.

**Hrefna Róbertsdóttir,**

-ásamt Leon Jespersen: „Den „nysgerrige“ enevælde. Et islandsk-dansk projekt om Landkommissionen 1770-1771“, *Siden Saxo*, 2/2017, bls. 38-49.

Sýningarskrá á íslensku og ensku: *Spegill samfélagsins 1770. Almúgi og embættismenn skrifa Danakonungi. Sýning í tilefni af 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands. Safnahúsið 15. júní 2017 – 3. júní 2018.*

„Et spejl af islansk samfund 1770. Almuen og embedsmændene skriver til Danmarks konge 15. juni 2017-3. juni 2018.“ *Nordisk Arkivnyt* 2017/3, bls. 112-113.

**Karen Sigurkarlsdóttir**

„Vestnordiske Arkivdage 2017“. *Nordisk Arkivnyt* 2017/4, bls. 171-172.

**Njörður Sigurðsson,**

Blái skjöldurinn – samstarf um verndun menningarverðmæta.“ *Bókasafnið* 41 (2017), bls. 26-27.
„De Nordiske Arbejderbevægelsers Biblioteker og Arkiver Møde 2017.“ *Nordisk Arkivnyt* 2017/3, bls. 133-134.

„Expert Group on Shared Archival Heritage (EGSAH).“ *Flash – News from ICA* 34 (2017), bls. 7.

„Samarbejdet mellem de offentlige arkiver i Island.“ *Nordisk Arkivnyt* 2017/2, bls. 51.

„To nordiske seminarer pa Island i september 2016“. *Nordisk Arkivnyt* 2017/1, bls. 27-28.

**S. Andrea Ásgeirsdóttir,**

„Udfordringer ved aflevering af arkiveringsversionar og løsninger på dem.” *Nordisk Arkivnyt* 2017/2, bls. 52-53.

**Unnar Ingvarsson**

Unnar Ingvarsson ritstjóri: *Bessastaðabókin. Teikningar af Bessastöðum.* Reykjavík 2017.

„Tre islandske grundlove“ *Nordisk Arkivnyt* 4/2017, bls. 169-171.

# VIÐAUKI 4

## Ársreikningur 2017

# Þjóðskjalasafn Íslands

**02-903**

## Ársreikningur 2017

## Yfirlit um afkomu ársins 2017

| | Skýr | 2017 |
|---|---|---|
| **Tekjur samtals** | | |
| Framlög ríkissjóðs | 3 | 328.353.955 |
| Seld þjónusta | 4 | 24.206.923 |
| Vörusala | 5 | 13.758.686 |
| Aðrar tekjur | 6 | 36.465.945 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 8.258.571 |
| **Tekjur samtals** | | 411.044.080 |
| **Gjöld** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 270.845.106 |
| Framlög og tilfærslur | | 220.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 123.762.336 |
| Afskriftir | 9 | 8.258.571 |
| | | 403.086.013 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | 7.958.067 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | | (1.181.973) |
| | | (1.181.973) |
| **Afkoma ársins** | | 6.776.094 |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | | |
| Rekstur | | 6.996.094 |
| Rekstrartilfærslur | | (220.000) |
| | | 6.776.094 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýr | 31.12.2017 | Stofnefnahags-reikningur 1.1.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 10 | | |
| Áhöld og búnaður | | 25.853.180 | 25.492.050 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 25.853.180 | 25.492.050 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 11 | 5.610.455 | 5.804.658 |
| Viðskiptakröfur | | 565.456 | 2.962.686 |
| Tengdir aðilar | 12 | 30.407.528 | 2.698.612 |
| Handbært fé | 13 | 12.892.212 | 6.718.257 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 49.475.651 | 18.184.213 |
| **Eignir samtals** | | 75.328.831 | 43.676.263 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 14 | | |
| Hrein eign | | 1.374.075 | (33.290.007) |
| **Eigið fé samtals** | | 1.374.075 | (33.290.007) |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 15 | 6.670.601 | 13.673.626 |
| Viðskiptaskuldir | | 9.777.841 | 9.912.606 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 16 | 31.653.134 | 27.887.988 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda | 17 | 25.853.180 | 25.492.050 |
| | | 73.954.756 | 76.966.270 |
| **Skuldir samtals** | | 73.954.756 | 76.966.270 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 75.328.831 | 43.676.263 |
| **Aðrar upplýsingar** | 18 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

| | Skýr | 2017 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | |
| Afkoma ársins | | 6.776.094 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir | 9 | 8.258.571 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (8.258.571) |
| | | 6.776.094 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur | | 2.397.230 |
| Birgðir | | 194.203 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | |
| Skammtímaskuldir | | 3.630.381 |
| | | 6.221.814 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 12.997.908 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | | (8.619.701) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 73.656 |
| | | (8.546.045) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Tengdir aðilar | | (6.823.953) |
| Fjárfestingaframlag | | 8.546.045 |
| | | 1.722.092 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 6.173.955 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 6.718.257 |
| **Handbært fé í árslok** | | 12.892.212 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits*

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

